

---

BROTHÆTTAR BYGGÐIR

ÁRSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 2025

---



BYGGÐASTOFNUN



Maí 2026

Helga Harðardóttir  
Kristján Þ. Halldórsson

ISBN 978-9935-518-22-4

# EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2025</b> .....	<b>7</b>
Sterkur Stöðvarfjörður .....	8
DalaAuður .....	9
Fjár sjóður Fjalla og fjarða .....	9
Jú víst! Kraftur í Kaldrana .....	10
Raufarhöfn og framtíðin II og Öxarfjörður í sókn II .....	10
<b>2. MARKMIÐ OG TILGANGUR</b> .....	<b>11</b>
<b>3. VERKEFNISLÝSING</b> .....	<b>12</b>
<b>4. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG</b> .....	<b>16</b>
Sterkur Stöðvarfjörður .....	17
Dala Auður .....	22
Fjár sjóður fjalla og fjarða .....	32
Jú víst! Kraftur í Kaldrana .....	37
Tilraunaverkefni – Raufarhöfn og framtíðin II og Öxarfjörður í sókn II .....	41
Byggðarlög sem hafa lokið þátttöku í Brothættum byggðum .....	47
<b>5. BREYTINGAR Á FJÖLDA ÍBÚA</b> .....	<b>48</b>
<b>6. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM HAFNA HLOTIÐ STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM</b> .....	<b>51</b>
Flutningur á eldstæði og nytjahu - Sterkur Stöðvarfjörður .....	51
Ýmis styrkt verkefni innan Sköpunarmiðstöðvarinnar – Sterkur Stöðvarfjörður .....	51
Kaffi Kvörn – Sterkur Stöðvarfjörður .....	52
Dalverjans lönd – skyggst um af Skeggöxl – DalaAuður .....	52
Ræktun í Bokashi jarðvegi – DalaAuður .....	52
Túngarðs tágur - DalaAuður .....	53
Beint frá skýli - sveitabúð – DalaAuður .....	53
Sjá má umfjöllun um fleiri styrkt frumkvæðisverkefni í Dalablaðinu .....	53
Sólstöðuhátíð - Öxarfjarðarhérað – tilraunaverkefni Bb II .....	53
Extended marketing- Öxarfjarðarhérað – tilraunaverkefni Bb II .....	54
Tankarnir á Raufarhöfn – Raufarhöfn og framtíðin – tilraunaverkefni Bb II .....	54
Arctic birdwatching - Raufarhöfn og framtíðin – tilraunaverkefni Bb II .....	54
<b>7. ATHUGUN Á VIÐHORFUM TIL VERKEFNISINS BROTHÆTTRA BYGGÐA</b> .....	<b>55</b>
<b>8. VIÐAUKAR</b> .....	<b>57</b>
Viðauki I. Sterkur Stöðvarfjörður, staða starfsmarkmiða .....	57
Viðauki II. DalaAuður, staða starfsmarkmiða .....	65
Viðauki III. Fjár sjóður fjalla og fjarða, staða starfsmarkmiða .....	86

---

# INNGANGUR

---

Liðin eru tæp þrettán ár frá því að fyrsta íbúáþingið í verkefninu Brothættum byggðum var haldið á Raufarhöfn. Í upphafi verkefnisins var hugmyndin sú að búa til aðferð eða verklag sem hægt væri að yfirfæra á byggðarlög sem stæðu frammi fyrir sambærilegum vanda, þ.e. viðvarandi fækkun íbúa og erfiðleikum í atvinnulífi. Verkefnið Raufarhöfn og framtíðin hófst árið 2012, íbúáþing var haldið í janúar 2013 og verkefninu lauk í byrjun árs 2018 hvað aðkomu Bygðastofnunar varðar.

Þáttökubyggðarlögin í Brothættum byggðum eiga það sameiginlegt að þar hefur verið mikil fólksfækkun undanfarna áratugi og skekk aldursdreifing. Gjarnan er skortur á húsnæði og á það jafnt við um íbúðarhúsnæði til sölu, leiguíbúðir og atvinnuhúsnæði. Bætt fjarskipti og umbætur í raforkumálum hafa verið ofarlega á baugi, sem og samgöngubætur og bætt þjónusta. Takmarka hefur þurft fjölda byggðarlaga sem geta tekið þátt í verkefninu á hverjum tíma og ræðst sá fjöldi meðal annars af fjármunum til verkefnisins og árafjölda þess í hverju byggðarlagi. Bygðastofnun eða byggðarlag (með milligöngu sveitarfélags) geta haft frumkvæði að samtali um mögulega þátttöku og sérstakir mælikvarðar eru notaðir til að meta stöðu og forgangsraða byggðarlögum til þátttöku.

Segja má að verklag, framkvæmd og framvinda Brothættra byggða hafi mótast og þróast í fyrstu með þátttöku fyrsta byggðarlagsins, Raufarhafnar, ásamt þátttöku þeirra þriggja sem á eftir fylgdu. Það voru Bíldudalur, Breiðdalur og Skaftárhreppur. Reynslan og árangurinn af fyrstu verkefninum voru nýtt til að móta verkefnið í þeim byggðarlögum sem síðar hafa tekið þátt í verkefninu. Á árunum 2015-2016 kynntu fulltrúar Bygðastofnunar og aðrir hagaðilar sér sambærileg byggðapróunarverkefni í öðrum löndum, einkum í Noregi og í Skotlandi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið lét gera úttekt á verkefninu Brothættar byggðir á árunum 2014 – 2015 og sá EY Ísland um úttektina fyrir þeirra hönd sjá [hér](#).

Árið 2016 var sérstök verkefnislýsing Brothættra byggða gefin út hjá Bygðastofnun og var hún byggð á reynslu í Brothættum byggðum, fyrirmyndum í öðrum löndum og ráðum og ábendingum úr úttekt EY Ísland. Frá þeim tíma hafa þáttökubyggðarlög í verkefninu unnið samkvæmt þeirri verkefnislýsingu og eru einstök atriði hennar uppfærð eftir því sem tilefni er til, nú síðast í lok árs 2025. Uppfærslur eru birtar jafn óðum á heimasíðu Bygðastofnunar. Í verklagi samkvæmt verkefnislýsingu felst m.a. að verkefnisstjóri er ráðinn í hverju byggðarlagi, verkefnisáætlun skilgreind og samþykkt á íbúafundi, aðferð við úthlutun styrkja er fest í sessi og ákveðnir verkþættir skilgreindir. Verkefninu er skipt upp í fjóra áfanga þeir eru: undirbúningur, íbúáþing og mótun verkefnisáætlunar,

framkvæmdaáfangi og lokaáfangi. Þegar verkefni í hverju byggðarlagi eru komin í lokaáfangi eru væntingar um að frumkvæði og drifkraftur sem einkennt hefur þátttöku íbúa byggðarlagsins á verkefnistímabilinu haldi áfram í formi áframhaldandi nýsköpunar og skilvirkri eftirfylgni sveitarfélags og íbúa á þeirri framtíðarsýn og markmiðum sem sett voru fram í verkefnisáætlun í upphafi verkefnis. Þessar væntingar um eftirfylgni sveitarfélags hafa verið skjalfestar í samstarfssamningum við sveitarfélög vegna byggðarlaga sem hafa hafið göngu sína í Brothættum byggðum frá árinu 2022. Verkefnislýsingu Brothættra byggða má sjá [hér](#).

Alþingi samþykkti sumarið 2022 stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Aðgerðaáætlun byggðaáætlunar gildir frá 2022-2026 og kveður á um 44 aðgerðir, þar með talið Brothættar byggðir, aðgerð C.02. Verkefnið Brothættar byggðir hefur sl. þrettán ár orðið veigamikill þáttur í að auka viðspyrnu gegn hnignun í samfélögum sem hafa staðið höllum fæti undanfarin ár. Ýmsar vísbendingar eru um að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif í þátttökubbyggðarlögunum til þessa. Til dæmis má nefna aukna virkni og samstöðu íbúa, auk ýmissa verkefna sem farið hafa af stað í tengslum við Brothættar byggðir bæði með og án verkefnastyrkja úr Frumkvæðissjóðum Brothættra byggða.

Byggðastofnun lét framkvæma áhrifamat á verkefninu Brothættar byggðir á tímabilinu mars til október 2023. Samningur var gerður við KPMG um framkvæmd matsins. Í áhrifamatinu fólst að greina stöðu á verkefninu í heild, þ.m.t. áhrif verkefnisins á þau fjórtán byggðarlög sem höfðu tekið þátt í byggðapróunarverkefninu fram að því. Niðurstöður áhrifamatsins má sjá [hér](#). Þær voru m.a. kynntar á málþingi um verkefnið Brothættar byggðir sem haldið var á Raufarhöfn í október 2023 í tilefni af því að rúmlega tíu ár voru liðin frá því að verkefnið hóf göngu sína. Umfjöllun og erindi á málþinginu má nálgast [hér](#).

Haustið 2024 samþykkti stjórn Byggðastofnunar að leggja 135 milljónir króna til verkefnisins til viðbótar þeim fjármunum sem er ráðstafað til þess á Byggðaáætlun. Þessir fjármunir dreifast á þrjú ár, 2025-2027, 45 milljónir króna hvert ár. Stjórn ákvað sömuleiðis að nýta hluta þessara fjármuna til að styrkja „grunnverkefni Brothættra byggða“ á landsvísu. Hluti fjármunanna var hins vegar nýttur til að hrinda í framkvæmd þriggja ára tilraunaverkefni sem felst í því að gerðir voru samningar við tvö byggðarlög um að fylgja eftir mögulegum árangri í verkefnum Brothættra byggða sem Byggðastofnun hafði áður sleppt hendinni af við lok samstarfssamninga. Fyrir valinu urðu verkefni Raufarhöfn og framtíðin og Öxarfjörður í sókn. Tilraunaverkefnið tvö hófust á fyrsta ársfjórðungi 2025.

Í þessari skýrslu verður greint frá framvindu verkefna í Brothættum byggðum í hverju þátttökubbyggðarlagi

fyrir sig árið 2025. Einkum er stuðst við gögn úr ársskýrslum verkefnisstjórnanna. Jafnframt er reynt að varpa ljósi á stöðu verkefnisins í heild.

Myndir í skýrslunni tók Kristján Þ. Halldórsson

Mynd á forsíðu: Reykhólar.

# 1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2025



Frá íbúáþingi í Kaldrananeshreppi - heiti valið á verkefnið

Á fyrri hluta ársins voru haldnir lokaíbúafundir í tveimur byggðarlögum sem að öðru leyti luku vegferð sinni í Brothættum byggðum í lok árs 2024 hvað aðkomu Byggðastofnunar varðar. Það voru íbúafundir í verkefnunum Betri Bakkafirði og Sterkum Ströndum í Strandabyggð.

Á árinu var Byggðastofnun aðili að fjórum grunnverkefnum<sup>1</sup> undir merkjum Brothættra byggða. Þau eru:

<b>Sterkur Stöðvarfjörður</b>	<b>DalaAuður</b>
<b>Fjársjóður fjalla og fjarða</b>	<b>Jú víst! Kraftur í Kaldrana</b>

Í hverju verkefni starfar verkefnisstjóri. Landshlutasamtök hafa ráðið verkefnisstjórana til starfa en notið fjárhagslegs stuðnings verkefnisins Brothættra byggða til þess.

Veittir voru styrkir í grunnverkefnum Brothættra byggða (DalaAuði, Sterkum Stöðvarfirði og Fjársjóði fjalla og fjarða), alls að upphæð 41,250 m.kr., auk fjármuna til endurúthlutunar, samtals 41,650 m.kr., til 61 frumkvæðisverkefnis á árinu 2025. Til viðbótar var úthlutað 24,750 m.kr. í nýjum tilraunaverkefnum í tveimur fyrrum þátttökubyggðarlögum þ.e. í verkefnunum Raufarhöfn og framtíðin II og Öxarfjörður í sókn II, til að fylgja ætluðum árangri í grunnverkefnum Brothættra byggða eftir. Í tilraunaverkefnunum var fjármunum úthlutað til samtals 17 frumkvæðisverkefna. Nánari

1 Með grunnverkefni er átt við verkefnið Brothættrar byggðir eins og það hefur verið unnið til þessa.

upplýsingar um styrki er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar, sjá [hér](#).

Frá árinu 2022 hefur verið tekið tillit til fjölda íbúa þegar ákvörðun hefur verið tekin um heildarstyrkfé í frumkvæðissjóðum þátttökubýggðarlaganna. Ákveðin grunnupphæð hefur verið til úthlutunar í hverju byggðarlagi en fjölmennari byggðarlögin hafa fengið aukaframlög til viðbótar grunnupphæðinni. Grunnfjárhæðin á árinu 2025 var 11 m.kr.

Á árinu unnu fulltrúar Byggðastofnunar í verkefninu að skoðun á verklagi. Í þeirri vinnu var meðal annars horft til sambærilegra verkefna í nágrennalöndum svo sem í Noregi, auk reynslu innan stofnunarinnar og reynslu samstarfsaðila af verkefninu síðustu ár. Einnig var horft til ábendinga sem komu fram í mati KPMG á verkefninu á árinu 2023. Lokaskref þessarar vinnu var að uppfæra verkefnisáætlun og birta hana í desember 2025. Nefna má breytingar í uppfærðri verkefnislýsingu, svo sem að samningstími nýrra verkefna er nú fimm ár í stað fjögurra. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að leggja fyrir kannanir meðal íbúa hvers byggðarlags bæði fyrir og eftir þátttöku í Brothættum byggðum. Með því er vonast til að verðmætar upplýsingar fáiast um árangur af viðkomandi verkefni í þáttum sem erfitt er að mæla með opinberum tölum, svo sem um íbúafjölda. Verkefnislýsingu má sjá [hér](#).

## Sterkur Stöðvarfjörður

Verkefnið hófst formlega með íbúafingi í mars 2022 og fjölmenntu íbúar á þingið. Vinnu að hinum ýmsu markmiðum miðar vel og sum markmiðanna hafa þegar náðst. Stöðfirðingar hafa nýtt sér verkfæri Brothættra byggða af miklum krafti. Styrkjum var úthlutað 2022, 2023, 2024 og svo í fjórða skiptið á árinu 2025. Þá fengu 12 verkefni styrk, alls að upphæð 11,4 m.kr. Verkefnin eru fjölbreytt og má nefna bæjarhátíð, tæki til kaffigerðar, bættu aðstöðu í Sköpunarmiðstöðinni, átak í orkusparandi aðgerðum með varmadælum, brauðgerð, skiltagerð vegna útgerðarsögu og fleira. Stöðfirðingar hafa þannig nýtt sér verkefnið af fullum krafti. Nánari upplýsingar um styrkina má sjá í kafla fjögur.

Áfram var uppbygging í þeim fyrirtækjum sem starfandi eru í byggðarlaginu. Fyrirtækið Brauðdagar býður upp á ýmis konar brauðmeti og keyrir með brauð í nærliggjandi byggðarlög. Kaffi Kvörn bætti tækjabúnað til framleiðslunnar. Einnig er unnið að uppbyggingu og viðgangi í annarri starfsemi innan Sköpunarmiðstöðvar, einkum er varðar standsetningu á rými sem hýsa mun Fræ, Sköpunareldhús í framtíðinni. Búið er að koma upp rými til innrömmunar og forvörslu muna í Sköpunarmiðstöðinni og Steinasafn Petru er komið með vinnuaðstöðu í nýinnréttuðu rými. Það sem helst stendur íbúum á Stöðvarfirði fyrir þrifum er að engin dagvöruverslun er starfrækt á Stöðvarfirði frá því að Brekkan var seld og er það mikill missir fyrir íbúa. Vonir standa til að úr þessu rætist eftir að frumkvöðlar fengu styrk úr sjóði Byggðaáætlunar, A.09., *Verðslun í dreifbýli*, á árinu. Þá hafa Stöðfirðingar náð góðum árangri

í umsóknum um fjármuni til frumkvæðisverkefna úr Uppbyggingarsjóði Austurlands.

Verkefnisstjóri hefur átt gott samstarf við starfsfólk og nefndir Fjarðabyggðar og unnið ötullega að því að koma áherslum verkefnisins á framfæri þannig að sveitarfélagið taki tillit til þeirra eftir því sem frekast er unnt.

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á fundi sínum í febrúar 2025 að framlengja verkefnið Sterkan Stöðvarfjörð um eitt ár, þ.e. út árið 2026.

## DalaAuður

Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í mars 2022. Var íbúapingið eitt það fjölmennasta í Brothættum byggðum frá upphafi, enda er Dalabyggð öflugt samfélag og það fjölmennasta af þátttökubyggðarlögum í Brothættum byggðum til þessa.

Frumkvæðisstyrkjum hefur verið úthlutað árin 2022, 2023, 2024 og í fjórða sinn í febrúar 2025. Alls var úthlutað 19,25 m.kr. til 30 frumkvæðisverkefna. Því er óhætt að segja að Dalamenn nýti sér verkfæri DalaAuðs af miklum krafti. Meðal verkefna sem hlutu styrk eru hitastýringar við Grafarlaug, aðgengi að skógum í Dalabyggð, tónleikahald, jólamarkaður, ullarvinnsla og ræktun tága svo nokkuð sé nefnt. Nánari upplýsingar um styrkina eru í kafla fjögur.

Einnig er eftirtektarvert og til fyrirmyndar hvernig Dalabyggð hefur tekist að samtvinna áherslur íbúa í DalaAuði og verkefni sveitarfélagsins eftir því sem tók eru á. Mikil gróska hefur einkennt verkefnið þessi fyrstu fjögur ár DalaAuðs og það lofar sannarlega góðu um síðasta árið í verkefninu og framtíð byggðarlagsins. Þess má einnig geta að verkefnisstjóri DalaAuðs hefur unnið þétt með sveitarfélaginu að ýmsum framfaramálum og hefur tekist að laða að samfélaginu fjármuni úr öðrum sjóðum til ýmissa framfaraverkefna s.s. úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands og úr C.1. á byggðaaáætlun, *Sértækum verkefnum sóknaráætlanasvæða*.

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á fundi sínum í febrúar 2025 að framlengja verkefnið DalaAuð um eitt ár, þ.e. út árið 2026.

## Fjársjóður Fjalla og fjarða

Samningar um verkefnið voru undirritaðir í nóvember 2024 og vel heppnað íbúaping helgina 22.-23. mars 2025 markaði upphafið af þátttöku íbúa í verkefninu. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri unnu að gerð verkefnisáætlunar út frá skilaboðum frá íbúapingi og var hún lögð fram til umræðu og samþykkis á íbúafundi í júní. Áætlunin hlaut

brautargengi frá íbúum og varð þar með grundvöllur að öllu starfi í verkefninu sem á íbúapingi hlaut heitið *Fjár sjóður fjalla og fjarða*.

Vinna að einstökum markmiðum er þegar hafin en af starfsemi í verkefninu ber hæst fyrstu úthlutun til frumkvæðisverkefna í Reykhólahreppi úr Frumkvæðissjóði Fjár sjóðs fjalla og fjarða. Úthlutað var styrkjum að heildarupphæð 11 m.kr. til sextán fjölbreyttra verkefna sem öll munu styrkja samfélagið í Reykhólahreppi. Meðal verkefna er nýstárleg hugmynd um almenningshjólreiðar, uppbygging á vegum Bátasafns Breiðafjarðar, hugmyndir um saumastofu, fuglaskilti og margt fleira. Nánari upplýsingar um styrkina má sjá í fjórða kafla.

### **Jú víst! Kraftur í Kaldrana**

Samningar um verkefnið á milli Byggðastofnunar, Vestfjarðastofu og Kaldrananeshrepps voru undirritaðir í júní. Þá þegar hófst undirbúningur verkefnisins með skipun verkefnisstjórnar og skipulagningu íbúapings. Þingið var haldið í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi helgina 4.-5. október. Íbúar fjölmenntu á þingið og ræddu fjölmörg mál sem þeim þóttu mikilvæg hagsmunum byggðarlagsins. Í kjölfarið unnu verkefnisstjóri og verkefnisstjórn að gerð verkefnisáætlunar sem samanstendur af framtíðarsýn, meginmarkmiðum og nánar skilgreindum starfsmarkmiðum. Áætlunin var borin undir íbúa og samþykkt á íbúafundi 11. nóvember að teknu tilliti til ábendinga frá íbúum. Þar sem langt var liðið á árið var ekki unnt að úthluta úr frumkvæðissjóði verkefnisins á árinu en fyrsta úthlutun fór fram í upphafi árs 2026.

### **Raufarhöfn og framtíðin II og Öxarfjörður í sókn II**

Eins og fram kom í upphafi kaflans hófust tvö ný tilraunaverkefni á Norðausturhorninu á fyrri hluta ársins í fyrrum þátttökubýggðarlögum. Það eru verkefnið Raufarhöfn og framtíðin II og Öxarfjörður í sókn II og þeim er ætlað að fylgja ætluðum ætluðum árangri í grunnverkefnum Brothættra byggða undir sömu heitum eftir. Tveir verkefnisstjórar annast verkefnið í byggðarlögum en hafa með sér þétt samstarf. Ólíkt öðrum verkefnum var ákveðið að hafa eina sameiginlega verkefnisstjórn með fulltrúum frá báðum byggðarlögum og samstarfsaðilum. Sérstakt tímabundið framlag til þriggja ára frá Byggðastofnun gerir mögulegt að fara í tilraunaverkefnið í samstarfi við Norðurþing, SSNE og íbúa byggðarlaganna. Norðurþing og SSNE leggja til vinnuframlag verkefnisstjóra til verkefnanna. Í tilraunaverkefnunum er megináherslan á að veita frumkvæðisstyrki til framfaraverkefna í byggðarlögum og á árinu 2025 var úthlutað 24,750 m.kr. til samtals 17 frumkvæðisverkefna. Nánari upplýsingar um styrki er að finna í fjórða kafla.

## 2. MARKMIÐ OG TILGANGUR

.Aðalmarkmið verkefnisins Brothættra byggða er **að spornað verði við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum**. Undirmerkið verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldersdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsörðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Svo sem sjá má á undirmerkiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúanna á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.



Frá íbúáþingi í Reykhólahreppi

---

## 3. VERKEFNISLÝSING

---

Verkefnið Brothættar byggðir er framkvæmt í fjórum áföngum: undirbúningi, íbúapingi og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfanga og lokaáfanga verkefnis. Verkefnið byggir á samtali og samstarfi við íbúa í þáttökubýggðarlögunum. Einnig á valdeflingu samfélagsins með því að ýta undir áhuga íbúa og samstöðu varðandi framfaramál í samfélaginu. Hlutverk Byggðastofnunar í verkefninu er m.a. að efla samstöðu hagsmunaaðila, að stjórnvöldum meðtöldum, um að vinna að framfaramálum er varða hvert byggðarlag. Enn fremur að veita verkefnisstyrki til frumkvæðisverkefna í byggðarlögunum.

Verkefnið hlýtur nýtt heiti í hverju byggðarlagi fyrir sig og íbúarnir hafa valið heitin með tillögum og atkvæðagreiðslu um þær. Heitin bera í sér bjartsýni og kjark, sem vegur upp á móti brothættu heiti heildarverkefnisins.

Byggðastofnun hefur um það ákveðnar væntingar að byggðarlög sem lokið hafa formlegri þátttöku í verkefninu njóti áframhaldandi athygli og stuðnings stjórnvalda næstu ár þar á eftir. Einnig að verklagið nýtist íbúum og viðkomandi sveitarfélögum og landshlutasamtökum í áframhaldandi vinnu að framfaramálum byggðarlagsins. Í samningum um verkefnið eru ákvæði þess efnis, þ.e. um ábyrgð sveitarfélaga og landshlutasamtaka á eftirfylgni verkefnisins eftir að Byggðastofnun lýkur sinni aðkomu. Markmiðið með þessu er að festa árangur verkefnisins í sessi og skapa aðstæður til frekari framfara.

### Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er sett á fót í hverju þáttökubýggðarlagi. Í henni eiga sæti fulltrúar Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka ásamt fulltrúum íbúa sem að jafnaði eru tveir. Dæmi eru þó um fleiri fulltrúa íbúa. Verkefnisstjórn fundar reglubundið og oftast er notast við fjarfundarformið. Að lágmarki er þó fundað einu sinni á ári í þáttökubýggðarlagi og þá oft í tengslum við íbúafund. Eitt mikilvægasta hlutverk verkefnisstjórnar í hverju þáttökubýggðarlagi er að móta verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt, auk þess að leitast við að kynna verkefnið sem best á hverjum tíma. Verkefnisstjórn hefur m.a. því hlutverki að gegna að kynna áherslur íbúa í hverju þáttökubýggðarlagi fyrir ríkisvaldi og stofnunum. Ekki síst er verkefnisstjórnin bakhjarl verkefnisstjórans við framkvæmd verkefnisins.

### Verkefnisstjóri

Í hverju byggðarlagi er starfandi verkefnisstjóri, gjarnan í fullu starfi, eftir því sem samkomulag er um. Verkefnisstjóri



Verkefnisstjórn Jú víst! Kraftur í Kaldrana



Frá íbúáþingi í Kaldrananeshreppi



Íbúafundur á Reykhólum

starfar í umboði verkefnisstjórnar og helstu verkefni eru að stuðla að þátttöku íbúa, leiða samstarf við sveitarfélag, fylgja eftir vinnu við markmið verkefnisáætlunar, undirbúa úthlutun styrkja til frumkvæðisverkefna og aðstoða frumkvöðla í þeirra verkefnum eftir föngum, þar með talið aðstoða við að undirbúa umsóknir. Enn fremur að stuðla að framförum með öðrum hætti eftir því tækifæri gefast til. Verkefnisstjóri skilar framvinduskýrslu um verkefnið árlega til Byggðastofnunar.

### Íbúáþing

Í upphafi nýs verkefnis er haldið tveggja daga íbúáþing þar sem staða byggðarinnar er rædd og leitað leiða til umbóta. Á íbúáþinginu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefni og raða viðfangsefnunum eftir mikilvægi. Umsjón íbúáþinga hefur verið í höndum ráðgjafafyrirtækisins Ildis og verkefnisstjóra ásamt verkefnisstjórnnum í hverju þátttökubýggðarlagi. Stefnumótun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið, svokölluð verkefnisáætlun, byggir annars vegar á niðurstöðum íbúáþings og hins vegar á stöðugreiningu fyrir byggðarlagið sem unnin er á vegum sveitarfélags í tengslum við umsókn og undirbúning fyrir verkefnið. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn geta lagt hönd á plóg við að ljúka gerð stöðugreiningarinnar ef svo ber undir.

Verkefnisáætlunin sem verkefnisstjórn mótar á fyrirbyggjandi/ofangreindum gögnum er kynnt og rædd á íbúafundi og borin upp til samþykktar. Hvert meginmarkmið sem sameinast hefur verið um er brotið niður í fjölmörg mælanleg starfsmarkmið sem unnið er að á verkefnistímanum

## Íbúafundir

Íbúafundir eru haldnir árlega þar sem farið er yfir stöðu verkefnisins og skapaður umræðuvettvangur um framvindu starfsmarkmiða og einstakra verkefna. Þess er gætt að íbúar séu upplýstir um hvernig skilaboð íbúabingsins í upphafi eru höfð til hliðsjónar og hvernig málefnum er fylgt eftir. Styrkþegum gefast tækifæri til að kynna frumkvæðisverkefni sín á íbúafundum.

## Frumkvæðisstyrkir

Á hverju ári er frumkvæðisstyrkjum úthlutað í hverju þáttökubyggðarlagi. Byggðastofnun hefur gefið út leiðbeiningar vegna úthlutunar styrkja í viðauka við verkefnislýsingu, sjá [hér](#). Verkefnisstjórn ber ábyrgð á úthlutun styrkja til verkefna í hverju byggðarlagi. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri annast úthlutun styrkja og sú niðurstaða er endanleg hverju sinni.

Grunnupphæð styrkja á árinu 2025 var samkvæmt fjárhagsáætlun samtals 11 milljónir króna fyrir hvert þáttökubyggðarlag. Að auki var tekið tillit til íbúafjölda í byggðarlögunum með þeim hætti að fjölmennari byggðarlögin fengu viðbótarframlag sem tekur mið af íbúafjölda. Á það við um bæði grunnverkefni Brothættra byggða og nýju tilraunaverkefni tvö. Samkvæmt þessu var úthlutað 11 m.kr. í Sterkum Stöðvarfirði og Fjárjóði fjalla og fjarða í Reykhólahreppi. Álag reiknaðist á styrki í DalaAuði vegna íbúafjölda og var upphæðin 19,25 m.kr. Í nýjum tilraunaverkefnum voru 11 m.kr. til úthlutunar í verkefninu Raufarhöfn og framtíðinni II og 13,75 m.kr. í Öxarfirði í sókn. Samtals voru því til ráðstöfunar 66 m.kr. alls í styrki í byggðarlögunum en vegna endurúthlutunar fjármuna sem ekki nýttust á fyrri árum varð endanleg heildarupphæð 66,4 m.kr. á árinu 2025. Dæmi eru um að verkefni hafi fallið niður og styrkjum skilað, sú upphæð bætist þá við styrkjuúthlutun næsta árs í því byggðarlagi sem við á.


Fullyrða má að styrkirnir hafi haft hvetjandi áhrif í samfélögunum. Mörg verkefni hafa ýmist sótt í sig veðrið, eða jafnvel hafist í kjölfar styrkumsóknar. Yfirlit yfir styrkt verkefni 2025 má sjá í umfjöllun í köflum um einstök byggðarlög.



Bergholt á Bakkafirði endurbyggt og breytt í hús til dvalar listamanna



Sýningarstaður nytjaholu sem flutt var frá Stöð til Stöðvarfjarðar - verkefnisstjóri og hluti verkefnisstjórnar kynna sér málið



Listýning í lýsistanki á Raufarhöfn

## 4. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG

Byggðarlag	Heiti verkefnis	Staða
Raufarhöfn	Raufarhöfn og framtíðin	Hefur lokið þátttöku
	Raufarhöfn og framtíðin II, tilraunaverkefni 2025-2027	Framkvæmdaáfangi
Breiðdalur	Breiðdælingar móta framtíðina	Hefur lokið þátttöku
Skaftárhreppur	Skaftárhreppur til framtíðar	Hefur lokið þátttöku
Bíldudalur	Bíldudalur – samtal um framtíðina	Hefur lokið þátttöku
Hrísey	Hrísey – perla Eyjafjarðar	Hefur lokið þátttöku
Öxarfjarðarhérað	Öxarfjörður í sókn	Hefur lokið þátttöku
	Öxarfjörður í sókn II, tilraunaverkefni 2025-2027	Framkvæmdaáfangi
Grímsey	Glæðum Grímsey	Hefur lokið þátttöku
Árneshreppur	Áfram Árneshreppur	Hefur lokið þátttöku
Þingeyri og dreifbýli við Dýrafjörð	Öll vötn til Dýrafjarðar	Hefur lokið þátttöku
Borgarfjörður eystri	Betri Borgarfjörður	Hefur lokið þátttöku
Bakkafjörður	Betri Bakkafjörður	Hefur lokið þátttöku
Strandabyggð	Sterkar Strandir	Hefur lokið þátttöku
Stöðvarfjörður	Sterkur Stöðvarfjörður	Framkvæmdaáfangi
Dalabyggð	DalaAuður	Framkvæmdaáfangi
Reykholahreppur	Fjár sjóður fjalla og fjarða	Framkvæmdaáfangi
Kaldrananeshreppur	Jú víst! Kraftur í Kaldrana	Undirbúningsáfangi

Alls hafa sextán byggðarlög tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir frá því að það hóf göngu sína árið 2012. Skrifað var undir samninga um þátttöku Kaldrananeshrepps í verkefninu um mitt ár 2025 á milli Byggðastofnunar, Kaldrananeshrepps og Vestfjarðastofu. Samningurinn gildir til loka árs 2030 og fyrsta úthlutun úr Framkvæðissjóði



verkefnisins, Jú víst! Kraftur í Kaldrana fór fram í upphafi árs 2026. Kaldrananeshreppur er sextánda byggðarlagið sem tekur þátt í verkefninu. Á árinu 2025 voru samtals þrjú byggðarlög þátttakendur í framkvæmdaáfangi í grunnverkefni Brothættra byggða og eitt í undirbúningsáfangi. Einnig fóru af stað á árinu tvö þriggja ára tilraunaverkefni í fyrrum þáttökubygðarlögum Brothættra byggða þ.e. Raufarhöfn og framtíðin II og Öxarfjörður í sókn II. Hverju verkefni verða gerð skil í sér köflum hér á eftir.

## Sterkur Stöðvarfjörður

Stöðvarfjörður hóf þátttöku sína í byggðarþróunarverkefninu Brothættar byggðir í mars 2022. Svo sem verið hefur hófst þátttaka íbúa í verkefninu með vel heppnuðu íbúáþingi undir stjórn Sigurborgar Kr. Hannesdóttur hjá Ildi. Stöðfirðingar hafa frá upphafi tekið virkan þátt í verkefninu og nýtt sér bjargir þess svo sem mögulegt er, ekki síst aðstoð verkefnisstjóra við framgang hvers kyns framfaraverkefna. Á fyrri hluta árs 2025 samþykkti stjórn Bygðastofnunar að verkefnið Sterkur Stöðvarfjörður yrði framlengt um eitt ár þ.e. til loka árs 2026, en þá mun Bygðastofnun draga sig í hlé úr verkefninu. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#)

## Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu Sterkur Stöðvarfjörður er Valborg Ösp Árnadóttir Warén. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Ásdís Helga Bjarnadóttir, fulltrúi Austurbrúar (janúar-september)

Bryndís Fiona Ford, fulltrúi Austurbrúar (október-)

Bjarni Stefán Vilhjálmsson, fulltrúi íbúa

Bryngeir Ágúst Margeirsson, fulltrúi íbúa

Stefán Þór Eysteinnsson, fulltrúi Fjarðabyggðar

Haraldur Línadal Haraldsson, fulltrúi Fjarðabyggðar

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Bygðastofnunar

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Bygðastofnunar

## Meginmarkmið Sterks Stöðvarfjarðar:

- Fyrirmyndar umhverfi
- Samheldið samfélag
- Öflugt atvinnulíf
- Sterkir innviðir

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

## Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka I má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2025. Sjá nánar um verkefnið Sterkan Stöðvarfjörð í ársskýrslu verkefnisstjóra, [hér](#).

## Styrkt verkefni

Opnað var fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð Sterks Stöðvarfjarðar 6. janúar og umsóknarfrestur var til og með 10. febrúar. Alls bárust 15 umsóknir um styrki fyrir árið 2025. Til úthlutunar voru 11,4 m.kr. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam um 14,6 m.kr. en heildarkostnaður verkefna var tæplega 24,0 m.kr. Ákveðið var að veita styrki til allra verkefna að þessu sinni og var formleg úthlutunarahöfn haldin 12. mars í Samkomuhúsi Stöðvarfjarðar. Verkefni eiga það sameiginlegt að eiga sterkan hljómgrunn í verkefnisáætlun Sterks Stöðvarfjarðar og styðja við atvinnuþróun, menningu og nýsköpun á staðnum. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Heiti verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Stöð í Stöð	Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Árleg bæjarhátíð á Stöðvarfirði haldin í júní, sem hefur laðað að fjölda gesta og brottfluttra Stöðfirðinga. Samstarfsverkefni þar sem margir sjálfbóðaliðar leggja hönd á plóg.	650.000
Baby Hardtank og Colortrack (framleiðslutæki)	Kaffibrennslan Kvörn	Kaup á framleiðslutækjum til að auka við og þróa vörulínur m.a. ýmis konar drykki úr kaffi s.s. kalda kaffidrykki.	1.400.000
Aparóla	Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Kaup á aparólu sem setja á upp á Balanum, útvistarsvæði í miðju Stöðvarfjarðar.	1.350.000
Flutningur á eldstæði og nytjaholu	Félag áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði.	Flytja á langeld og nytjaholu úr eldri landnámskalanum í Stöð út í þorp til að hafa hann þar til sýnis fyrir íbúa og ferðafólk.	900.000
Tónleikar sumar 2025	Björn Hafþór Guðmundsson	Útgáfutónleikar „Við skulum ekki hafa hátt“ til að fylgja eftir útgáfu samnefnds geisladisks.	350.000
Kaffihúsaeining í Sköpunarmiðju	Fræ Sköpunareldhús	Áframhaldandi uppbygging aðstöðu fyrir kaffihúsaeiningu í Sköpunarmiðstöðinni.	1.900.000
Saga Stöðvarfjarðar	Hlynur Ármannsson	Í þessum áfanga er gert ráð fyrir að tekin verði viðtöl við eldri Stöðfirðinga og þau hljóðrituð og varðveitt. Framhald verður á ritun einstakra málefna/þátta um sögu Stöðvarfjarðar.	650.000

Kynslóðir koma saman, þekkingarmiðlun	Kimi Tayler	Þrjár vinnustofur þekkingarsköpunar á Stöðvarfirði sem skapa tækifæri fyrir eldri íbúa til að miðla hefðbundinni handverks- og verkþekkingu á milli kynslóða.	300.000
Stöðfirskir bátar og skip, lokaáfangi	Sólmundur Friðriksson	Lokaáfangi verkefnis þar sem sögu útgerðar og skipaflota á Stöðvarfirði eru gerð skil með upplýsingaskiltum sem sett eru upp á bryggjukantinum við Sköpunarmiðstöðina.	600.000
Brauðdagar deighús	Kimi Tayler	Áframhaldandi uppbygging og þróun matarinnviða. Fjárfesting m.a. í ökutæki sem nýtist til að dreifa vörum til neytenda.	1.450.000
Stöðvarfjörður Pride 2025	Eva Jörgensen og Kimi Tayler	Hátíð fyrir íbúa og gesti Stöðvarfjarðar sem styrkir samfélagsleg tengsl og fagnar fjölbreytileika. Haldin í ágúst í samstarfi við Steinasafn Petru og fyrirtækið Brauðdaga.	115.000
Bogfímifélag Stöðvarfjarðar	Lukasz Stencel	Stofnun bogfímifélags á Stöðvarfirði fyrir börn og fullorðna. Kaup á viðeigandi búnaði til iðkunarinnar.	685.000
Empowering Stöðvarfjörður with sustainable energy solution	Eygló Austurland/ Dominika Anna	Fræðsla til íbúa Stöðvarfjarðar með kynningum á sjálfbærum orkulausnum í formi varmadæla. Stefnt að fræðslufundum um málefnið í Sköpunarmiðstöðinni.	300.000
Heat pump installation at Tiny church	Le Temple ehf.	Uppsetning varmadælu í Gömlu kirkjunni svo hægt verði að nýta húsnaðið til gistingar árið um kring.	350.000
Hundasvæði	Silja Lind Þrastardóttir	Girða af skilgreint hundagerði og gera það aðgengilegt fyrir hundaeigendur. Öruggt umhverfi fyrir leik og samveru.	400.000
			<b>Samtals kr. 11.400.000</b>



Stöðfirskir bátar og skip. Útgerðarsögu Stöðvarfjarðar gerð skil á grjótgarði við Sköpunarmiðstöðina

Þess má einnig geta að fyrirtæki og félagasamtök eða hópar á Stöðvarfirði hafa einnig sótt um styrki í aðra styrktarsjóði á árinu. Eftirfarandi aðilar hafa fengið úthlutað styrkjum til frumkvæðisverkefna:

Umsækjandi	Verkefni	Sjóður	Styrkupp hæð
Sköpunarmiðstöðin	Rekstrarstyrkur	Uppbyggingarsjóður Austurlands	2.500.000
Brauðdagur deighús	Markaðssetning og pop-up	Uppbyggingarsjóður Austurlands	1.100.000
Dr. Bjarni Einarsson	Víkingar á vesturleið Sköpunarmiðstöðinni	Uppbyggingarsjóður Austurlands	1.100.000
Stöðfirska verzlunarfélagið ehf	Verslun á Stöðvarfirði	Byggðaáætlun A.09 <i>Verslun í dreifbýli</i>	2.000.000
Íbúasamtök Stöðvarfjarðar	Bæjarhátíðin Stöð í Stöð	Ýmsir sjóðir	

## Fundir

Verkefnisstjórn fundaði tíu sinnum í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams á árinu, auk þess að halda tvo fjarfundi í tengslum við úthlutanir úr Frumkvæðissjóði verkefnisins. Öll stjórnin hittist á Stöðvarfirði þann 4. september í tengslum við íbúafund sem var haldinn sama dag. Fyrir þann fund fékk hluti verkefnisstjórnar kynningu á nokkrum styrktum verkefnum. Skiltasýningin á gamla hafnarbakkanum um stöðfirska báta og skip var skoðuð, svo og breytingar á Sköpunarmiðstöðinni, kíkt á minjagripinn sem Rósa Valtingoer fékk styrk til að hanna og að lokum gæddu verkefnisstjórnarfulltrúar sér á nitrokaffi sem Kaffibrennslan Kvörn er að hanna og þróa.

Verkefnisstjóri, ásamt fulltrúum íbúa í verkefnisstjórn, hafa haldið nokkra minni íbúafundi um afmörkuð málefni. Strax í byrjun janúar var boðið í kaffi og spjall til þess að skerpa á áherslum verkefnisins í byrjun árs. Vorið 2025 héldu Íbúasamtök Stöðvarfjarðar fund um málefni staðarins.

## Úr ársskýrslu verkefnisstjóra Sterks Stöðvarfjarðar - hugleiðingar verkefnisstjóra í lok árs

Starfsárið markaðist af því að verkefnið fékk viðbótarár. Sú ákvörðun skapar mikilvægt svigrúm til að fylgja eftir þeim verkefnum sem þegar eru farin af stað og styrkir áframhaldandi uppbyggingu.

Á árinu voru tekin markviss skref í að treysta innviði byggðarlagsins. Styrkur til verslunar var veittur sem mun opna á vormánuðum en verslunarleysi síðustu ára hefur hvílt þungt á íbúum.

Stöðfirska byggingarfélagið hefur stimplað sig inn sem virkur þátttakandi í uppbyggingu og aldrei verið meira að gera. Uppbygging á Balanum heldur áfram. Á vormánuðum verða ný leiktæki sett upp á svæðinu. Skemmtifélag Stöðvarfjarðar fékk til þess styrk og stóð jafnframt fyrir ýmsum skemmtunum fyrir íbúa og gesti. Það gladdi íbúa Stöðvarfjarðar þegar skipt var um eigendur á gamla kaupfélagshúsinu og ráðist var í gagngerar endurbætur á húsnæðinu. Vonir standa til að húsnæðið muni gegna mikilvægu hlutverki fyrir íbúa Stöðvarfjarðar sem og gesti staðarins.

Brauðdagar deighús byrjaði að selja brauð og bakkelsi nú í haust og býður upp á heimsendingu um allt Austurland. Viðskiptahópurinn stækkar hratt og mikið að gera hjá eigendum. Kaffibrennslan Kvörn styrkir stöðu sína með gæðum og markvissri uppbyggingu og er orðið sýnilegur þáttur í staðbundinni verðmætasköpun. Bæjarhátíðin Stoð í Stoð var sú stærsta og fjölmennasta frá upphafi. Það endurspeglar aukna þátttöku og sterkan félagsauð í samfélaginu.

Stór áfangi náðist þegar Sköpunarmiðstöðin varð fjórða menningarmiðstöð Austurlands. Sú viðurkenning staðfestir faglegt og markvisst starf. Að auki hlaut miðstöðin Eyrarrósina, sem undirstrikar mikilvægi hennar á landsvísu.

Íbúar hafa nýtt þau tækifæri sem skapast hafa með þátttöku í verkefninu. Það sést í fjölda og fjölbreytni umsókna í frumkvæðissjóðinn, aukinni virkni í umræðu um þróun staðarins og skýrum vilja til að taka þátt í mótun framtíðar.



Sköpunarmiðstöðin hýsir vaxandi fjölda frumkvæðisverkefna - Kaffibrennslan kvörn vinstra megin



*Vel mætt frá Fjarðabyggð á íbúafund Sterks Stöðvarfjarðar*

Áskoranir eru áfram til staðar, en grunnurinn er sterkari en áður. Uppbygging er sannarlega hafin, frumkvæði eykst og þátttaka íbúa er sýnileg. Það gefur raunhæfa ástæðu til bjartsýni á komandi ári.

### **Dala Auður**

DalaAuður hófst með íbúapingi í mars 2022 og verkefnið hafði því staðið í fjögur ár í lok árs 2025. Á þessum árum hefur margt jákvætt átt sér stað í verkefninu og byggðarlaginu. Íbúar hafa sýnt mikinn kraft og þátttökuvilja og verið virkir í hinum ýmsu frumkvæðisverkefnum og á þeim viðburðum sem haldnir hafa verið í tengslum við DalaAuð. Sveitarfélagið hefur sannarlega lagt sitt af mörkum í verkefninu og tekið fjölmörg áherslumál DalaAuðs inn í starfsáætlanir sínar. Gerð var verkefnisáætlun fyrir DalaAuð eftir íbúaping sem samþykkt var á íbúafundi sama ár, þ.e. 2022 og hefur hún verið yfirfarin og endurskoðuð á íbúafundi á hverju hausti síðan. Í verkefnisáætlun eru sett fram markmið og aðgerðir sem verkefnisstjóri og verkefnisstjórn DalaAuðs hafa unnið samhent að ásamt íbúum. Samtals hafa verið veittir 90 styrkir að upphæð rúmar 62 m.kr. til frumkvæðisverkefna úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs og hafa verkefnin verið á sviði nýsköpunar, félagsmála eða mannlífs. Þá sóttu SSV og Dalabyggð um styrki í sjóði Byggðaáætlunar og fengu samtals fjóra styrki til verkefna í Dalabyggð snemma á árinu 2023. Einkar ánægjulegt er að

geta þess að íbúakönnun landshlutanna 2023 sem birt var í júní 2024<sup>2</sup>, hækkuðu Dalir mest allra byggðarlaga á milli kannana í mati á búsetuskilyrðum.

Með þátttöku í verkefninu DalaAuði blésu sveitarfélagið og íbúar Dalabyggðar til sóknar og gætir bjartsýni í byggðarlaginu.

Verkefnisáætlun DalaAuðs má sjá [hér](#).

## Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri DalaAuðs er Linda Guðmundsdóttir. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri, formaður stjórnar

Páll S. Brynjarsson, fulltrúi SSV

Ólafur Sveinsson, fulltrúi SSV

Bjarnheiður Jóhannsdóttir, fulltrúi íbúa

Jón Egill Jóhannsson, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

## Meginmarkmið:

- **Samkeppnishæfir innviðir**
- **Skapandi og sjálfbært atvinnulíf**
- **Auðugt mannlíf**
- **Öflug grunnþjónusta**

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

## Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka II má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2025.

## Styrkt verkefni

Opnað var fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð DalaAuðs 10. desember 2024 og var frestur til að sækja um í sjóðinn til 20. janúar 2025. Alls bárust 30 umsóknir að þessu sinni. Veittir voru samtals 30 styrkir til fjölbreyttra verkefna og

2 <https://ssv.is/wp-content/uploads/2024/06/Ibuakonnun-landshlutanna-2023-nidurstodur.pdf>



Urður ullarvinnsla í Rauðbarðaholti í Hvammssveit í Dölum

nam styrkfjárhæð til úthlutunar alls 19,250 m.kr. Því fengu allir umsækjendur styrkveitingu í þessari úthlutun. Heildarþjárhæð umsókna nam um 40,490 m.kr. Tólf konur sóttu um styrki, átta karlmenn og í tíu verkefnum voru bæði karlar og konur skráð fyrir umsókn. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Heiti verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkuppþæð
Þrjónakaffi	Guðrún Elísabet Jóhannsdóttir	Viðburðaröð í fjósinu á Stóra Múla í Saurbæ, þrjónakaffi, opin hús fyrir eldri borgara og fl.	130.000
Dagverðarneskirkja, áningarstaður utan alfaraleiðar	Dagverðarneskirkja (Staðarfellssókn) Bára Sigurðardóttir, Sigrún B. Halldórsdóttir	Uppbygging áfangastaðar við Dagverðarnes. Hönnun upplýsingaskiltis, jarðvegsskipti og fl.	1.000.000
Dalverjans lönd-1. Skyggnst um af Skeggöxl	Eypór Ingi Jónsson	Skrásetning umhverfi Dalanna með ljósmyndun. Ljósmyndavefur og viðburðir.	750.000
Grafarlaug – hita-stýring og öryggi	Hollvínahópur Grafarlaugar í umboði UMF Æskunnar, Finnbogi Harðarson.	Samfélagslegt verkefni þar sem umhverfi laugar er lagað, fegrað og búnaður til hita-stýringar lagfærður.	1.300.000
Dalamey, handverk úr Dölunum	Sigurðis Sóley Lýðsdóttir	Þróun og framleiðsla á minjagripum úr hornum, beinum og hrosshárum. Búnaðarkaup.	900.000
Dalahvítlaukur	Svarthamar Vestur ehf. Þórunn MJH Ólafsdóttir	Styrkur til búnaðarkaupa vegna þurrkunar- aðstöðu og vinnslurými vegna hvítlauksræktunar.	1.000.000
Aðgengi skóga í Dalabyggð	Skógræktarfélag Dalasýslu, Jakob K. Kristjánsson	Bætt aðgengi skógarsvæða m.a. með lagningu stíga í Brekkuskógi skv. fyrirbyggjandi hönnun.	1.000.000

Músík bingó	Sælukotið Árblik, Guðrún Esther Jónsdóttir	Viðburður á Jörvagleði 2025. Músíkbingó er kvöldskemmtun með tónlistarívafi sem haldin var í Árbliki.	50.000
Jólamarkaður í Árbliki	Sælukotið Árblik, Guðrún Esther Jónsdóttir	Jólamarkaður þar sem matarafurðir, handverk og aðrar vörur úr Dalabyggð eru til sölu. Einnig kynningar og tónlistaratriði.	145.000
Listviðburðir í Dalíu	D9 ehf., Leifur Steinn Elísson	Samtals átta listtengdir viðburðir s.s. tónleikar og fl. í listviðburðaröð Dalíu.	400.000
Davíðsmótið - briddsmót	Guðmundur R. Gunnarsson	Minningarmót í Brides sem haldið er til heiðurs Davíð Stefánssyni frá Saurhóli í Saurbæ.	50.000
Er líða fer að jólum - jólatónleikar	Jón Egill Jóhannsson, Alexandra Rut Jónsdóttir	Skipulagning, undirbúningur, utanumhald og framkvæmd jólatónleika í Dalabúð í des. 2025.	300.000
Geitafiða – afurð úr Dölum	Guðrún Jóhannsdóttir og Halla Sigríður Hrefnu Steinólfsdóttir	Þróun verklags við vinnslu bands úr geitafiðu í ullarvinnslu í Dölum. Samstarfsverkefni tveggja geitabænda um fullvinnslu afurða.	350.000
List í Stóra- Vatnshornskirkju	Sóknarnefnd Stóra-Vatnshornskirkju, Kristín Guðrún Ólafsdóttir	Stakur tónlistarviðburður ásamt sýningu á handverki haukdælskra kvenna í kirkjunni á Stóra-Vatnshorni.	175.000
Endurspeglun - útilistaverk	Kruss ehf., Þorgrímur Einar Guðbjartsson	Unnið að stóru útivegglistaverki sem prýðir austurvegg menningarhússins Dalíu í Búðardal.	1.000.000
Íslensku jólasveinarnir eru úr Dölum - hátíð	Kruss ehf., Þorgrímur Einar Guðbjartsson	Afhjúpunarhátíð fyrstu jólasveinastuðlanna í Dalabyggð. Hátíðin var haldin á Jörvagleði 2025.	200.000
Kortlagning á óápreifanlegum menningararfi í Dölum	Glimrandi ehf., Anna Hildur Hildibrandsdóttir	Nýsköpun í sjálfbærri menningarferðaþjónustu. Þróun á aðferðafræði til að ná utan um óápreifanlegan menningararf.	900.000
Jólasveinasafn - Hörðudal	Guðlaugur S. Sigurgeirsson ehf. og Guðrún Björg Bragadóttir	Undirbúningur og þróunarvinna að uppsetningu á jólasveinasafni í Dölum sem staðsett yrði í Hörðudal.	600.000
Staðarhóll - bílastæði	Sturlufélagið, Ingveldur Guðmundsdóttir	Nýr áfangastaður þar sem bæta á aðgengi að staðnum s.s. hvað varðar bílastæði.	500.000
Hrymur - Plöntuframléiðsla	Hólshlíð ehf., Jakob K. Kristjánsson	Þróun framléiðslu á hrym með líftækni-aðferðum eins og frumurækt. Uppsetning rýmis og sérhæfður tæknibúnaður.	500.000
Göngustígar, merkningar, áningarstaðir	Ferðamálafélag Dalas og Reykhóla, Jóhanna Sigrún Árnadóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir f.h. Dalamanna-brólts	Stikaðar verða gönguleiðir og bekkjum komið fyrir á áningarstöðum. M.a. leið um Svörtukletta og leið í Laugardal í samstarfi við Dalahyttur.	500.000



Fulltrúar verkefnisstjórnar ásamt Guðbjörtu Lóu Þorgrímsdóttur bónda í Ásgarði í Hvammsveit í Dölum skoða aðstöðu í afurðasölunni "Frá Ásgarði"

Ræktun í Bokashi jarðvegi	Anna Berglind Halldórsdóttir og Ólafur Bragi Halldórsson	Þróun Bokashi aðferðar sem gerjar lífrænan úrgang í stórum stíl á bóndabýli við ís-lenskar aðstæður. Samanburðarprófanir við hefðbundnar ræktunaraðferðir.	1.300.000
Sögukort Dalanna, vefur, kort, skilti	Rain Adriann Mason	Uppfærsla á sögukortum og útgáfa á nýju sögukorti sem verður aðgengilegt á skilti í Búðardal, sem borðkort fyrir ferðamenn sem og í vefútgáfu.	900.000
Uppsetning á leikverki, námskeið	Leikklúbbur Laxdæla, Ólöf Halla Bjarnadóttir	Uppsetning á leikverki 2026. Einnig námskeið í lýsingu- og tæknimálum og sviðsförðun.	800.000
Heitur reitur, heitur matur – allt sem skáti þarf	Skátafélagið Stígandi, Katrín Lilja Ólafsdóttir	Styrkur til kaupa á matartjaldi sem nýtt verður m.a. á landsmótum skáta og öðrum viðburðum.	500.000
Urður ullarverslun og vefverslun	Rauðbarði ehf., Ingibjörg Þórunna Steinudóttir	Styrkur veittur til undirbúnings og uppsetningar á vefverslun s.s. vöruljósmyndun, merkingar og þ.h.	1.400.000
Túngarðs- tágur	Katrín Dröfn Guðmundsdóttir og Sveinbjörn Júlíus Tryggvason	Nýsköpunarverkefni sem snýr að framleiðslu tága á Íslandi. Styrkur veittur til að undirbúa svæði undir ræktun á tágum.	1.000.000
Ásmundarsetur	Kristján E. Karlsson	Styrkur til undirbúnings og hönnunar svæðis fyrir högglistagarð á Kolstöðum í Dölum.	600.000
Dalastúlka	Jasa Baka	Styrkur veittur vegna uppsetningar á skúlptúr, Dala stúlku, sem unnin var m.a. í samstarfi við nemendur í Auðarskóla.	300.000

Hátæknirækt, gámaræktun (styrk skilað á s. hl. árs, fénu úthlutað 2026)	Skoravík ehf., Árni Alvar Arason	Uppsetning hátækniræktunar í gámum í þéttbýli Búðardals.	700.000
			<b>Samtals kr. 19.250.000</b>

Ofangreindir styrkir, ásamt öllum þeim styrkjum sem áður hefur verið úthlutað úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs, hafa nýst Dalamönnum vel og orðið til að efla frumkvæði og ánægjulegt er að sjá að fjölmargir frumkvöðlar hafa leitað í stærri sjóði til að fylgja eftir og fjármagna hugmyndir sínar. Dæmi um slíkt má sjá í eftirfarandi umfjöllun.

**Byggðaáætlun C.01:** Samband sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV, fékk styrk fyrir tveimur nýjum verkefnum úr sjóði Byggðaáætlunar, C.01, sem munu nýtast Dalamönnum vel. *Hver vegur að heiman er vegurinn heim* er annað þeirra. Í verkefninu verður leitast við að efla tengsl ungmenna við heimabyggðina og auka aðdráttarafl svæðisins, svo það verði betri búsetukostur fyrir þau sem það velja. Farið var í samstarf við Auðarskóla um átthagafraeðikennslu á vormánuðum 2025 og er verið að þróa leiðir til átthagakennslu innan skólans. *Auðarstofa* er síðara verkefnið sem fékk styrk úr C.01. og er það einnig nýtt vinnuheiti á Nýsköpunarsetri Dalabyggðar. Það verkefni snýr að því að efla setrið og starfsemi þess og er það fjórskipt.

1. Að móta stefnu um starfsemi og þau viðfangsefni sem verða hluti af kjarnastarfsemi setursins.
2. Að hanna rýmið með starfsemi setursins í huga.
3. Að ráðast í endurbætur á rýminu, með það í huga að nýta fyrrum lögreglustöðina einnig undir starfsemina.
4. Að efla tengsl við stofnanir, fyrirtæki og ráðuneyti, með það að markmiði að auka hlut sérfræðistarfa og óstaðbundinna starfa í Dalabyggð. Verkefnið er mikilvægur þáttur í því að auka hlut sérfræðistarfa innan héraðs og því einnig fjölbreytni starfa. Þá er Nýsköpunarsetrið að þróast í mikilvæga samfélagsmiðstöð fyrir íbúa.

Verkefnin tvö munu án efa nýtast Dalamönnum vel til framfara í byggðarlaginu.

**NORA:** Rannsóknarmiðstöð ferðamála, ásamt Háskólanum á Hólum eru hluti af samstarfshópi sem fékk styrk frá NORA, (Norræna Atlantssamstarfinu). Verkefnið snýst um að innleiða þekkingu um staðbundna stefnumótun í ferðapjónustu. Dalabyggð varð fyrir valinu sem „pilot“ verkefni á Íslandi en að auki eru byggðarlög í Færeyjum og í Noregi þátttakendur í verkefninu. Verkefnisstjórar DalaAuðs og Dalabyggðar funduðu með fulltrúum verkefnisins og skipulögðu vinnustofur fyrir hagaðila snemma árs 2026 og skipaður var framkvæmdahópur sem í sitja hagaðilar í ferðapjónustu. Verkefninu verður haldið áfram á árinu 2026.

Leiðir til byggðafestu: Verkefninu *Leiðir til Byggðafestu* lauk á árinu en verkefnið var samstarfsverkefni nokkurra landshlutasamtaka. Haldin voru nokkur námskeið á árinu innan Dalabyggðar, sem sneru að matvælaframleiðslu ásamt því að fjölbreytt námskeið voru haldin í nágrennasveitum. Hlédís Sveinsdóttir hélt utan um skipulagningu námskeiða. Í október var verkefninu formlega lokið með málþinginu *Ég bý í sveit – málþing um byggðafestu á sauðfjárræktarsvæðum*, sem haldið var að Laugum í Sælingsdal og skipulagt af landshlutasamtökunum sem að verkefninu stóðu. Voru Dalamenn áberandi á málþinginu en þrír frummælendur voru úr Dölunum.

Nánar er fjallað um ofangreind verkefni í ársskýrslu DalaAuðs, sjá [hér](#).

Til viðbótar ofangreindum verkefnum hlutu verkefni sem tengjast Dalabyggð styrk úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands í tveimur úthlutunum, á fyrri og síðari hluta árs. Þau eru eftirfarandi:

Umsækjandi	Verkefni	Styrkur	Tegund styrks
Dalahvítlaukur	Svarthamar Vestur ehf.	600.000	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur fyrri hluta árs
Markaðsefni Bolla	Handverkshópurinn Bolli	500.000	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur fyrri hluta árs
Framkvæmda- og viðskiptaáætlun Tilraunaforneifafraeðimiðstöð	History Up Close ehf.	1.500.000	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur fyrri hluta árs
Beint frá skýli – markaðssetning	Skugga-Sveinn ehf.	400.000	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur fyrri hluta árs
Sagnafólk og fjaðurstafir – hátíð um tilraunaforneifafraeði	History Up Close ehf.	1.000.000	Menningarstyrkur fyrri hluta árs
Menningardagskrá að Nýp á Skarðsströnd sumar 2025	Penna sf.	750.000	Menningarstyrkur fyrri hluta árs
Listviðburðir í Dalíu, Búðardal	D9 ehf.	300.000	Menningarstyrkur fyrri hluta árs
Sturluhátíð 2025	Sturlufélagið	250.000	Menningarstyrkur fyrri hluta árs
Endurspeglun	Kruss menningarsmiðja ehf.	500.000	Menningarstyrkur fyrri hluta árs
Er líða fer að jólum	Jón Egill Jóhannsson	400.000	Menningarstyrkur fyrri hluta árs

Umhverfislist í Brekkuskógi	Breiðfirðingafélagið	500.000	Menningarstyrkur fyrir hluta árs
Eiríksstaðir rekstur 2024	History Up Close	1.200.000	Stofn- og rekstrarstyrkur fyrir hluta árs
Rekstur Vínlandsseturs 2024	Vínlandssetur ehf.	700.000	Stofn- og rekstrarstyrkur fyrir hluta árs
Ásmundarsetur	Kraftaverk, Iceland Hot Spot ehf.	500.000	Stofn- og rekstrarstyrkur fyrir hluta árs
Frá auðlind til áburðar – Endurnýting ullar í garðyrkju	Rauðbarði ehf.	850.000	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur seinni hluta árs
Kaffi Klofningur	Langeyjarnes sf.	900.000	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur seinni hluta árs
Uppbygging ferðamanna- staðar á Dagverðarnesi	Hollvínafélag Dagverðarneskirkju	1.000.000	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur seinni hluta árs

Fleiri áhugaverð verkefni hafa hlotið styrki á síðustu árum. Gerð er grein fyrir þessum stuðningi og verkefnum fyrr í ársskýrslum verkefnisstjóra, sjá [hér](#).

## Fundir

Verkefnisstjórn fundaði eftir þörfum á árinu og yfirleitt á fjárfundum. Samtals voru almennir fundir fimm talsins árið 2025, þar af einn staðfundur stjórnar sem haldinn var í Dalabyggð. Þá voru haldnir tveir fundir að auki vegna vinnu við úthlutun úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs. Um fundina segir verkefnisstjóri í ársskýrslu: „Í gegnum verkefnistímabilið hefur verkefnisstjórn verið bakland verkefnisstjóra og stutt við verkefnið með virkum hætti. Verkefnisstjórn hefur tekið þátt í undirbúningi íbúafunda og úthlutunarviðburða, unnið að stefnumótun verkefnis út frá samtölum á íbúafundum og séð um að úthluta úr Frumkvæðissjóði. Gott samstarf og mikil virkni hefur einkennt starf verkefnisstjórnar frá upphafi.“ Ýmislegt fleira fróðlegt um fundahöld og samráð við íbúa í ársskýrslu DalaAuðs fyrir árið 2025 má sjá [hér](#).

## Úr ársskýrslu verkefnisstjóra DalaAuðs – hugleiðingar verkefnisstjóra í lok árs

Verkefnið DalaAuður átti upphaflega að vera til loka árs 2025 og hóf verkefnisstjóri árið með það í huga að nú yrði tekinn lokahnykkurinn á verkefninu. Snemma árs fór þó að bera á vilja sveitarfélagsins til að framlengja verkefnið og álit margra að vont væri að hætta þegar verkefnið væri á fullu skriði. Breytingar taka tíma og stór átaksverkefni líka og það var hugur í Dalamönnum að halda áfram að vinna að jákvæðum framgangi innan sveitarfélagsins. Það var því afar ánægjulegt að Byggðastofnun skyldi fallast á beiðni Dalabyggðar um að framlengja verkefnið, sem nú verður



Frá íbúafundi í DalaAuði

starfrækt út árið 2026.


Margt gerðist sem var á könnu sveitarfélagsins. Íbúar sáu íþróttamannvirki rísa upp og gífurlega góður gangur var í þeim framkvæmdum. Áfram var unnið að því að leysa húsnæðisvanda innan sveitarfélagsins og var eitt stærsta skrefið í þeim efnum nýtt deiliskipulag fyrir Búðardal, þar sem gert er ráð fyrir um 40 nýjum íbúðarhúsum en átta íbúðir hafa risið á verkefnistímanum sem er góður árangur. Með skipulaginu eru komnar mikilvægar forsendur til áframhaldandi uppbyggingar. Gott samtal var á milli sveitarfélagsins og Byggðastofnunar á árinu varðandi uppbyggingu iðngarða og er það von verkefnisstjóra að íbúar muni sjá þá rísa á næstu árum.

SSV hélt áfram hagsmunagæslu fyrir vestlensk sveitarfélög á árinu, þ.á.m. Dalabyggð og ekki síst hvað varðar samgöngumál. Þó fyrirbyggjandi drög að samgönguáætlun séu töluvert skaplegri en þau sem upphaflega voru sett fram þá er ljóst að Dalabyggð og SSV þurfa áfram að vekja athygli á mikilvægi samgöngubóta fyrir sveitarfélagið.

Stórstjórnur DalaAuðs voru eins og síðustu ár íbúar sveitarfélagsins, sem létu til sín taka á öllum sviðum mannlífsins og atvinnulífsins. Það er oft sagt að í Dölunum hafi allir marga hatta og er það dagsatt. Hér vinnur fólk samhent að því að halda úti íþróttastarfi fyrir börn, starfrækja leikfélag, stika gönguleiðir, halda úti líkamsrækt, bjóða upp á vörur og

þjónustu í héraði og margt fleira. Haldin voru námskeið, viðburðir og erindi um hin ýmsu málefni og af mismunandi toga og félagslífið dafnaði vel á árinu. Einstaklega gott sumar skilaði sér í frábærum afurðum, sem hægt var að kaupa beint af býlum. Beint frá býli dagurinn var reyndar haldinn með pompi og prakt og einnig alþjóðlegi ostadagurinn í Dölunum, nánar tiltekið á Erpsstöðum og framleiðendur úr Dölum voru einnig duglegir að mæta með sínar vörur á markaði víðs vegar um land. Slíkar kynningar eru mikilvægar fyrir matvælahéraðið Dali.

Sem verkefnisstjóri DalaAuðs lenti ég oft á tali við fólk sem býr annars staðar, sérstaklega fólk á Vesturlandi, sem hafði orð á því að það „væri allt að gerast“ í Dölunum. Mörgum fannst Dalirnir meira áberandi en áður í umræðunni, frumkvæðisverkefni sem þar væru í gangi virtust ganga vel og væru sýnileg í fjölmiðlum og mikil uppbygging virtist vera á svæðinu, séð utan frá. Það er mikil hvatning að heyra þetta frá nágrönnum okkar og finna að þeir samgleðjast Dalamönnum. Dalamenn mega líka vera stoltir af því sem þeir eru og öllum þeim verkefnum sem hrundið hefur verið af stað á síðustu árum. Það er með þakklæti fyrir gott samstarf allra aðila sem að verkefninu standa – SSV, Dalabyggðar og Byggðastofnunar sem ég enda þessar hugleiðingar og lýk þeim með að vísa í framtíðarsýn íbúa sem sett var fram á íbúabingi árið 2022. Ímynd Dalabyggðar sem fallegrar sveitar í faðmi fjalla hefur styrkst og hingað leitar fólk til að njóta kyrrðarinnar og þeirra afurða sem landið gefur af sér. Fólk kemur í Dalabyggð og hugsar „þetta er fallegasta sveit í heimi“. Hér er gott að búa og hér er gott að dvelja.



Verkefnisstjórn DalaAuðs kynnr sér glæsilegt nýtt íþróttahús í byggingu í Búðardal

## Fjársjóður fjalla og fjarða

Undirbúningur að þátttöku Reykhólahrepps í verkefninu Brothættar byggðir hófst síðla árs 2024 og voru samningar um verkefnið á milli Byggðastofnunar, Vestfjarðastofu og Reykhólahrepps undirritaðir í nóvember það ár. Gert er ráð fyrir að verkefnið vari til loka árs 2029 hvað aðkomu Byggðastofnunar varðar. Verkefnisstjóri hóf störf í byrjun febrúar og íbúabing var haldið í mars þar sem verkefninu var valið heitið Fjársjóður fjalla og fjarða. Á grunni skilaboða íbúa frá íbúabingi og stöðugreiningar vann verkefnisstjórn að verkefnisáætlun Fjársjóðs fjalla og fjarða sem samþykkt var á íbúafundi sem haldinn var í júní. Verkefnið fór því vel af stað og opnað var fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð Fjársjóðs fjalla og fjarða í júlí.

Verkefnisáætlun Fjársjóðs fjalla og fjarða má sjá [hér](#).

## Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn



*Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri kynna sér nýtt íbúðarhúsnæði á Reykhólum*

Verkefnisstjóri Fjársjóðs fjalla og fjarða er Embla Dögg Bachmann. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Hrefna Jónsdóttir, fulltrúi Reykhólahrepps

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga

Guðlaug G.I.M. Bergsveinsdóttir, fulltrúi íbúa

Vésteinn Tryggvason, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun, formaður stjórnar

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

## Meginmarkmið:

- Jákvætt og umburðarlynt samfélag
- Samstaða um auðlindanýtingu
- Frjótt atvinnu- og mannlíf

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

## Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka III má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2025.

## Styrkt verkefni

Opnað var fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð Fjársjóðs fjalla og fjarða í fyrsta sinn í júlí 2025. Um var að ræða fyrstu úthlutun í verkefninu og voru fjármunir til ráðstöfunar 11,0 m.kr. Frestur til að skila inn umsóknum var til 3. september og samtals barst 21 umsókn um styrki í sjóðinn að þessu sinni. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam 160,7 m.kr. en umbeðið styrkfé nam tæpum 60 m.kr. Samtals tólf konur sóttu um styrk, fimm karlmenn og fjögur verkefni hafa bæði karlmenn og konur sem hvatamenn/umsækjendur. Verkefnisstjórn ákvað að veita 16 fjölbreyttum verkefnum brautargengi í þessari fyrstu úthlutun og var hátíðleg úthlutunarathöfn haldin í Handverksmarkaði Össu í Króksfjarðarnesi í lok október. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Gufsan- sam- komuhús	Gálgaklettur/ Eydís Örksævarsdóttir	Sótt um styrk fyrir kaupum og uppsetningu á yleiningum svo hægt sé að nýta hlöðu í Gufudal allt árið um kring sem samkomuhús.	800.000
UMF Afturelding – framkvæmdastjóri	UMF Afturelding	Tilraunaverkefni til eins árs, nýtt starf framkvæmdastjóra í 20 % starfshlutfalli. Samhæfing og þróun íþrótt- og heilsueflandi starfsemi félagsins.	1.250.000
UMF Afturelding – Allir hjóla	UMF Afturelding	Koma á fót aðgengilegu útlánakerfi fyrir reiðhjól sem nýtist íbúum og gestum. Lýðheilsuverkefni í sátt við umhverfi.	500.000
Braggi – endurbætur og lagfæringar	Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum	Endurbætur á húsnæði til verndunar breiðfirska súðbyrðingnum og munum Bátasafns Breiðafjarðar.	700.000
Skilti, merking við Þjóðveg 60	Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum	Hönnun og uppsetning á upplýsingaskiltum til að kynna báta- og hlunnindasýninguna í Hlunnó.	250.000

Lifandi bátasýning	Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum	Upplifun á bátasmiðju þar sem sjá má smíði og viðgerðir á bátum og eiga samtal við bátasmið á báta- og hlunnindasýningu í Hlunnó. Bátasmiður verður starfandi á sýningunni hluta úr sumri.	600.000
Sauma-/vinnustofa og hannyrðamiðstöð	Erla Þórdís Reynisdóttir	Undirbúningur að stofnun fullbúinnar saumastofu sem verði miðlæg menningar- og nýsköpunarmiðstöð þar sem lögð verður áhersla á handverkshefð og nýtingu náttúruauðlinda.	400.000
Fjölgun gistirýma, Ferðapjónustan Djúpadal	Ferðapjónustan Djúpadal	Uppbygging gistirýma m.a. með aðgengi fyrir fatlaða.	1.000.000
Eyjaping	Framfarafélag Flat-eyjar	Efling samráðs og skapa vettvang fyrir eyjar-skeggja með því að halda íbúaping þar sem tækifæri gefst til að koma sjónarmiðum á framfæri og tengja byggð í eyinni betur við verkefnisáætlun sveitarfélagsins.	500.000
Fuglaskilti	Furðufuglar	Efla Reykhólahrepp sem áfangastað fyrir fuglaskoðara og auka náttúruvitund. Hönnun og uppsetning upplýsingaskilta um fugla á nokkrum stöðum í byggðarlaginu.	1.000.000
Fjós allra meina bót	Úr sveitinni ehf.	Nýsköpunarverkefni með möguleikum á atvinnuuppbyggingu í landbúnaði og ferðapjónustu, um leið er hugað að orkunýtingu og sjálfbærum lausnum.	1.000.000
Gull-Þórir á kortið	Guðlaug G.I.M. Bergsveinsdóttir	Rannsókn og gagnasöfnun um Gull-Þóris sögu. Rannsóknarskýrsla og fræðslufundur. Grunnur að fræðslu um staðbundinn menningararf og tengsl við Íslendingasögur.	900.000
Upphaf upptöku	Guðlaug G.I.M. Bergsveinsdóttir	Markvisskráning á sögu og menningu sveitarfélagsins með viðtölum og þ.h. Kaup á upptökutækjum og hljóðnemum sem jafnframt geta nýst öðrum íbúum í tengdum verkefnum.	70.000
Kaffihús Össu, Króksfjarðarnesi	Handverksfélagið Assa	Kaup og uppsetning á uppþvottavél í þeim tilgangi að auka möguleika til vinnslu og sölu á matvælum úr héraði frá vottuðu eldhúsi að uppfylltum kröfum.	350.000
Þaraböðin í Breiðafirði - Reykhólum	Laugavík hf. (síðar AS Partners Holding ehf)	Áframhaldandi þróun baðstaðar sem byggir á þaraböðum. Áhersla á samnings- og hönnun-arvinnu.	1.280.000
Vinnustofa til námskeiðahalds	Þórdís Halla Sigmarsdóttir og Hrólfur Ingi S. Eggertsson	Uppsetning á aðstöðu fyrir handverksnámskeið. Þróun rýmis fyrir miðstöð handverks og skapandi starfsemi.	400.000
			<b>Samtals kr. 11.000.000</b>



Frá íbúafingi á Reykhólum

## Fundir

Verkefnisstjórn fundaði reglulega á árinu 2025 í tengslum við mótun, þróun og eftirfylgni verkefnisins. Fundir fóru að mestu fram sem fjarfundir, en einn staðfundur var haldinn á skrifstofu Reykhólahrepps í júní í aðdraganda íbúafundar. Á árinu hélt verkefnisstjórn alls þrettán fundi, þar af tíu almenna fundi, tvo undirbúningsfundi vegna yfirferðar umsókna og einn sérstakan fund vegna úthlutunar úr Frumkvæðissjóði Fjársjóðs fjalla og fjarða.

Í ársskýrslu segir verkefnisstjóri eftirfarandi: „Verkefnisstjórn hefur frá upphafi verið öflugt bakland verkefnisstjóra og gegnt lykilhlutverki í framgangi verkefnisins. Hún hefur stutt við verkefnið með virkum hætti, tekið þátt í undirbúningi og skipulagningu samráðsfunda og úthlutunarviðburða, unnið að stefnumótun á grundvelli ábendinga íbúa og borið ábyrgð á yfirferð umsókna og formlegri úthlutun styrkja úr Frumkvæðissjóði.“

## Úr ársskýrslu verkefnisstjóra Fjársjóðs fjalla og fjarða – hugleiðingar verkefnisstjóra í lok árs

Samstarf við íbúa á verk tímabilinu hefur verið bæði lærdómsríkt og hvetjandi. Áhugi íbúa á verkefnum hefur verið greinilegur og í samskiptum við þá hefur skapast sterk tilfinning fyrir vilja til þátttöku, samvinnu og uppbyggingar. Sérstaklega varð vart við aukinn áhuga og virkni í kjölfar úthlutunarathafnar Frumkvæðissjóðs Fjársjóðs Fjalla og Fjarða,

Þegar greinilega fór að kvikna áhugi hjá íbúum og hugmyndavinna fór af stað af auknum krafti. Íbúar fóru í kjölfarið að þróa áfram hugmyndir sínar og finna ný tækifæri til frumkvæðisverkefna.

Stemningin í byggðarlaginu einkennist af jákvæðum væntingum, raunsæi og metnaði. Þrátt fyrir ólíkar forsendur og umfang verkefna sýna íbúar mikla hugmyndaauðgi og vilja til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Úthlutun styrkja hefur reynst mikilvægur hvati, ekki eingöngu fyrir styrkþega heldur einnig fyrir aðra íbúa sem í kjölfarið fóru að móta og þróa eigin hugmyndir.

Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að þetta er fyrsta árið af fimm í heildstæðu verkefni. Fyrsta árið hefur að stórum hluta farið í uppbyggingu, mótun verkferla og samráð, með það að markmiði að skapa traustan grunn fyrir áframhaldandi starf. Viðbrögð íbúa gefa skýrt til kynna að þessi grunnur sé að skila árangri og að góðir möguleikar séu til staðar til frekari þróunar á næstu árum. Mörg verkefnanna eru þegar komin vel af stað og hefur verkefnisstjóri verið í reglulegum samskiptum við verkefnisaðila, fylgst með framvindu verkefna og veitt stuðning og hvatningu eftir þörfum. Að mati verkefnisstjóra er lykilatriði að byggja áfram á þeirri jákvæðu stemningu sem skapast hefur, styðja við frumkvæði íbúa og tryggja að hugmyndir fái svigrúm til að þróast á sínum hraða. Með áframhaldandi samvinnu, trausti og stöðugum stuðningi er raunhæft að verkefnið nái markmiðum sínum á heildartímanum, fimm árum og stuðli að því að byggðarlagið blómstri til framtíðar á forsendum íbúanna sjálfra.



*Ný raðhús hafa risið á Reykhólum*

## Jú víst! Kraftur í Kaldrana

Eftir nokkurn undirbúningstíma að verkefni Brothættra byggða í Kaldrananeshreppi var skrifað undir samninga um verkefnið meðal samstarfsaðila þ.e. Byggðastofnunar, Vestfjarðastofu og Kaldrananeshrepps í júní 2025. Verkefnisstjóri hóf störf í september. Aðkoma íbúa að verkefninu hófst af krafti þegar tveggja daga íbúaping var haldið í Kaldrananeshreppi í október 2025. Íbúar fjölmenntu á þingið og völdu verkefninu heitið Jú víst! Kraftur í Kaldrana. Í kjölfar vel heppnaðs íbúapings vann verkefnisstjórn að verkefnisáætlun fyrir verkefnið sem byggð er á skilaboðum íbúa frá íbúapingi og stöðugreiningu um byggðarlagið. Verkefnisáætlunin var ígrunduð og samþykkt á íbúafundi sem haldinn var 11. nóvember. Opnað var fyrir umsóknir í loks árs en fjármunum var úthlutað í fyrsta sinn til frumkvæðisverkefna í Kaldrananeshreppi á fyrstu mánuðum ársins 2026. Gert er ráð fyrir að verkefnið vari til loka árs 2030 hvað aðkomu Byggðastofnunar varðar.

Verkefnisáætlun Jú víst! Kraftur í Kaldrana má sjá [hér](#).

### Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Jú víst! Kraftur í Kaldrana er Valgeir Jens Guðmundsson. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Hildur Aradóttir, fulltrúi Kaldrananeshrepps

Skúli Gautason, fulltrúi Vestfjarðastofu

Anna Björg Þórarinsdóttir, fulltrúi íbúa

Mikael R. L. Steingrímsson, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun, formaður stjórnar

### Meginmarkmið:

- **Fjölbreytt atvinnulíf**
- **Samheldið samfélag**
- **Öflugir innviðir**
- **Auðlindir í þágu samfélagsins**

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

### Mat á stöðu starfsmarkmiða

Þar sem verkefnið hófst tiltölulega seint á árinu 2025 þá verður staða starfsmarkmiða ekki birt sérstaklega í þessari

ársskýrslu. Vinna er hafin að einstaka starfsmarkmiðum sem birt eru í verkefnisáætlun Jú víst! Kraftur í Kaldrana og fer á fullt skrið á árinu 2026. Við lok næsta árs, 2026, verður staða starfsmarkmiða birt sérstaklega í viðauka líkt og í öðrum þátttökubyggðarlögum.

### **Styrkt verkefni**

Ekki var um að ræða styrki til frumkvæðisverkefna í verkefninu á þessu fyrsta ári en opnað var í desember 2025 fyrir umsóknir í frumkvæðissjóð Jú víst! Kraftur í Kaldrana fyrir úthlutun ársins 2026.

### **Fundir**

Verkefnisstjórn fundaði átta sinnum á árinu. Fundir voru haldnir 25. ágúst, 2. og 18. september, 16., 23., og 28. október og 17. nóvember. Íbúafundur var haldið helgina 4. - 5. október í Samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi. Íbúafundur var haldinn 11. nóvember þar sem verkefnisáætlun sem byggð var m.a. á skilaboðum íbúafundar var kynnt, íbúar ræddu í hópum og í lok fundar var verkefnisáætlunin samþykkt að teknu tilliti til athugasemda og/eða viðbóta frá íbúum og verkefnisstjórn falið að gefa hana út.

Verkefnisstjóri sótti námskeið/upphafsfund með fulltrúum Byggðastofnunar 3. september á Sauðárkróki. Einnig sótti verkefnisstjóri vefundi þar sem verkefnisstjórar í öðrum byggðarlögum Brothættra byggða og skyldra byggðapróunarverkefna eiga samstarfsvettvang að jafnaði einu sinni í mánuði.



*Gestir við lok íbúafundar í Kaldrananeshreppi*



Frá Kokkálsvíkurhöfn vestan Drangsnæs

## Úr ársskýrslu verkefnisstjóra Jú víst! Kraftur í Kaldrana - hugleiðingar verkefnisstjóra í lok árs

Samvinna verkefnisstjórnar er sérlega góð og hefur drifið verkefnið áfram svo það er komið, á örfáum mánuðum, í þann fasa að auglýst hefur verið eftir umsóknum um styrki í frumkvæðissjóð verkefnisins. Þátttaka íbúa hefur verið vonum framar. Fjöl margar hugmyndir voru settar fram og málefnalegar umræður sköpuðust bæði á íbúapingi og íbúafundi. Var sérlega gaman að sjá hugmyndir grunnskólabarna sem göggnuðust vel inn í alla þá flóru hugmynda sem settar voru fram um eflingu byggðarlagsins.

Verkefnisstjóri getur tekið undir niðurstöður íbúakönnunar sem Kristján Þ. Halldórsson og Helga Harðardóttir hjá Byggðastofnun framkvæmdu, sjá [hér](#). En niðurstöður voru jákvæðar og segja má að þær varpi skýru ljósi á hversu mikill samtakamáttur er á meðal íbúa í samfélaginu í Kaldrananeshreppi. Þátttakendur í könnuninni svöruðu því meðal annars til í opnum spurningum að mikil samstaða, samhugur, seigla og hjálpsemi ríki í samfélaginu. Það er í raun sú upplifun sem verkefnisstjóri verkefnisins hefur af þessum fyrstu mánuðum verkefnisins. Samstarfið hefur gengið vonum framar og sést það t.d. á niðurstöðum íbúapingsins og íbúafundar hversu góð og virk þátttaka er í upphafi verkefnisins.

Íbúaping 4.-5. október. Húsnæðismál í víðum skilningi, bætt ásýnd og aukin nýting heita vatnsins, eru mikilvægustu viðfangsefni samfélagsins í Kaldrananeshreppi til að styrkja stöðu byggðarlagsins til framtíðar. Þannig forgangsroðuðu þátttakendur málefnum sem stungið var upp á til umræðu á íbúapinginu. Heiti verkefnisins, Jú víst! Kraftur í Kaldrana, sem valið var á þinginu, endurspeglar þann kraft sem leystist úr læðingi þessa daga, með virkri þátttöku og hugmyndaauðgi íbúa úr þorpi og sveit og á fjölbreyttum aldri.

Fjölmörg mál voru tekin til umræðu á íbúáþinginu, í samtals 15 málefnaþópum og var horft til allra málefna í mótun verkefnisáætlunar. Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá Ildi stýrði íbúáþinginu og má lesa samantekt hennar [hér](#).

Sérstök Facebook síða var stofnuð þar sem fréttir um framvindu verkefnisins eru birtar. Hægt er að skoða hana betur [hér](#). En einnig er verkefnið með heimasíðu hjá Vestfjarðastofu, sjá [hér](#) og Byggðastofnun, sjá [hér](#).

Íbúafundur 11. nóvember. Kraftur, jákvæðni og lausnamiðun einkenndu íbúafund sem haldinn var í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Íbúar Kaldrananeshrepps fjölmenntu á fundinn þar sem á dagskrá var að fylgja eftir hugmyndum íbúa um eflingu samfélagsins sem spruttu fram á tveggja daga íbúáþingi sem haldið var í októberbyrjun. Farið var yfir meginmarkmið og starfsmarkmið með íbúum sem voru áhugasamir og lausnamiðaðir í sinni nálgun á verkefninu.

Niðurstaðan af þessum samkomum, þ.e. íbúáþinginu og íbúafundinum, var svo dregin saman af verkefnistjórninni í fjögur meginmarkmið og 65 starfsmarkmið. Sem verða að teljast nokkuð góð afköst í jafn fámennu sveitarfélagi og Kaldrananeshreppur er. Það verður því spennandi að sjá hvernig þátttaka íbúa verður í framkvæmd þeirra starfsmarkmiða sem vonandi birtist m.a. í fjölmörgum umsóknum eftir styrkjum úr frumkvæðissjóði Jú víst! Kraftur í Kaldrana sem og þátttöku í að fylgja hverju og einu starfsmarkmiði eftir í samvinnu við íbúa og verkefnisstjórn.



Frá íbúáþingi í Kaldrananeshreppi

## Tilraunaverkefnið – Raufarhöfn og framtíðin II og Öxarfjörður í sókn II

Verkefnið hófust á fyrri hluta ársins með samkomulagi á milli Byggðastofnunar, Norðurljósa og SSNE. Verkefnunum er ætlað að varpa ljósi á það hvort hægt er að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið er Byggðastofnun dró sig í hlé úr verkefnunum á árunum 2017 og 2020. Það er hvort jarðvegur er til staðar fyrir að styðja við frumkvæði íbúa í framfaraverkefnum með því að úthluta frumkvæðisstyrkjum með sama hætti og í þáttökubýggðarlögum í grunnverkefni Brothættra byggða. Ýmsar upplýsingar um verkefnið má sjá í ársskýrslum verkefnisstjóra, [hér](#) og [hér](#).

### Verkefnisstjórn (sameiginleg) skipa:

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, fulltrúi Norðurljósa og formaður verkefnisstjórnar

Olga Friðriksdóttir, fulltrúi íbúa Raufarhafnar

Ólafur Gísli Agnarsson, fulltrúi íbúa Raufarhafnar

Charlotta V. Englund, fulltrúi íbúa Öxarfjarðarhéraðs

Thomas Helmig, fulltrúi íbúa Öxarfjarðarhéraðs

Hildur Halldórsdóttir, fulltrúi SSNE

Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar

Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðastofnunar

**Verkefnisstjóri á Raufarhöfn** er Nanna Steina Höskuldsdóttir, starfsmaður SSNE.

**Verkefnisstjóri í Öxarfjarðarhéraði** er Einar Ingi Einarsson, starfsmaður Norðurljósa.

Verkefnisstjórn fundaði fjórum sinnum, öll skiptin í fjarfundum. Á vormánuðum voru haldnir íbúafundir í báðum byggðarlögum til að kynna verkefnið og komandi úthlutunarferli vegna frumkvæðisverkefna.



Vetrarríki á Raufarhöfn

## Styrkt verkefni

Úthlutað var í júní 2025 í báðum verkefnum. Auglýst var eftir styrkumsóknum í Frumkvæðissjóði beggja verkefna og frestur til að skila inn umsóknum var til kl. 16:00 þann 5. maí 2025. Alls bárust tíu umsóknir um styrki vegna ROF II. Um er að ræða fyrstu úthlutun í verkefninu og voru fjármunir til ráðstöfunar kr. 11.000.000, en alls var sótt um kr. 23.098.769. Gerð er grein fyrir styrkjum í Raufarhöfn og framtíðinni II á árinu 2025 í töflunni hér að neðan. en nánar má sjá um styrkina, [hér](#).

Heiti verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Wooden wings	Rannsóknastöðin Rif	Wooden Wings er skapandi samfélagsverkefni á Raufarhöfn sem tengir ungt fólk við náttúrulegt umhverfi sitt í gegnum listir, vísindi og handverk.	825.000
Arctic birdwatching	Ólafur Gísli Agnarsson	Verkefnið felst í því að ljósmynda náttúru og fuglalíf á Melrakkasléttu og mun efnið birtast á nýrri heimasíðu sem verður búin til fyrir verkefnið.	800.000
Veðurhlífar	Hrólfur Björnsson	Verkefnið felst í þróun og smíði veðurhlífa úr trefjaplasi fyrir varmadælur, með það að markmiði að koma vörunni á almennan markað.	1.500.000
Hannað við heimskautsbaug	Þóra Soffía Gylfadóttir	Hannað við heimskautsbaug er nýtt hönnunar- og frumkvöðlaverkefni á Raufarhöfn sem byggir á sérstöðu Heimskautsgerðisins, stærsta útilistaverks Íslands.	2.000.000
Menningardagar á Raufarhöfn	Menningardaganefnd	Verkefnið snýr að því að skipuleggja tónleika á menningardögum á Raufarhöfn en þeir eru haldnir árlega í byrjun október. Verkefnið er liður í því að efla menningarlíf og samveru í samfélaginu.	675.000
Tankarnir á Raufarhöfn	Gjóla ehf.	Tankarnir á Raufarhöfn hafa fengið nýtt hlutverk – þeim hefur verið umbreytt í listatanka og eru nú aðgengilegir almenningi.	1.100.000
Kajakleiga við heimskautsbaug	Gísli Þór Briem	Verkefnið snýr að því starfrækja kajakferðir út frá Raufarhöfn. Eftirfarandi er spennandi og einstakur útivistarkostur fyrir bæði heima menn og ferðafólk.	1.500.000
Morgunverðaraðstaða á Hreiðrinu	Angela Agnarsdóttir	Markmiðið er að útbúa aðstöðu fyrir morgunverð á gistiheimilinu Hreiðrinu, en á þann hátt má sinna gestum betur ásamt því að svara eftirspurn gesta um að bjóða upp á morgunmat á gistiheimilinu.	600.000
Æðardúnssængur og koddar	Margrét Rögnvaldsdóttir	Æðardúnssængur frá Harðbak á Melrakkasléttu verða nú framleiddar á Raufarhöfn undir vörumerkinu Arctic Circle Eiderdown.	2.000.000
			<b>Samtals kr. 11.000.000</b>

Alls bárust tíu umsóknir um styrki að upphæð samtals kr. 16.985.500 í verkefninu Öxarfjörður í sókn II. Fjármunir til ráðstöfnar voru kr. 13.750.000. Gerð er grein fyrir styrkjum í Öxarfirði í sókn II á árinu 2025 í töflunni hér að neðan en nánar má sjá um styrkina, [hér](#).

Heiti verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkuppæð
Gamla sláturhúsið	Jón Kristján Ólason	Verkefnið snýr að lagfæringum og viðhaldi á og við elsta hús Kópaskers og tengja lóðina við Bakkaböðin og Mela. Aðalmarkmiðið er að bjarga menningarverðmætum frá eyðileggingu.	1.600.000
Flygilvinir fara á kostum á afmælisári	Flygilvinir – tónlistarfélag við Öxarfjörð	Markmið verkefnisins er að standa fyrir tveimur viðburðum og fá framúrskarandi tónlistarfólk til að miðla íbúum Öxarfjarðarhéraðs af list sinni.	300.000
Sólstöðuhátíð	Framfarafélag Öxarfjarðar	Hin árlega Sólstöðuhátíð á Kópaskeri mun fara fram helgina 20.-22. júní 2025.	870.000
Vinnustofur í Klifshaga	Klifshagi ehf.	Markmið verkefnisins er að koma upp aðstöðu/vinnustofu innan Öxarfjarðarhéraðs sem staðsett verður að Klifshaga 1.	3.165.000
Óld Skúl – listaskóli í Kelduhverfi	Lókal leiklistarhátíð	Markmið verkefnisins „ÓLD SKÚL – listaskóli í Kelduhverfi“ er að leggja frumdrög að og þróa listamannadvöl (residency) og námskeiðahald tengdu listum, sögu og náttúru, í samvinnu og samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu.	3.142.000
Extetended marketing	Hultin ehf.	Markmið verkefnisins "Extended Marketing" er að samræma, efla og þróa markaðssetningu og sér í lagi þjónustu fyrirtækisins, Hultin ehf.	700.000
Líkamsrækt á Kópaskeri	Framfarafélag Öxarfjarðar	Markmið verkefnisins er að auka lýðheilsu, vellíðan og samfélagslega samveru íbúa og auka öryggi við heilsurækt.	1.905.000
Grös – gróðurhús	Fógeti ehf.	Sveitahótelið Skúlagarður ætlar að leggja áherslu á stofn staðarheitisins: matjurtagarður. Til stendur að rækta kál, kryddjurtir og jarðaber í köldu gróðurhúsi.	2.068.000
			<b>Samtals kr. 13.750.000</b>

Af yfirlitum yfir veitta styrki má sjá að viðtökur íbúa við verkefnunum hafi verið mjög góðar og það lofar góðu um framhaldið tvö seinni ár tilraunaverkefnanna.



Frá heimsókn í Óskarsstöð á Raufarhöfn í tengslum við málþing um Brothættar byggðir 2023



Frá heimsókn starfsmanna þróunarsviðs Byggðastofnunar í fiskeldi Samherja á Núpsmýri í Öxarfirði



Frá afhendingu styrkja úr frumkvæðissjóðum Raufarhafnar og framtíðarinnar II og Öxarfjarðar í sókn II á árinu 2025

Auk styrkja úr Frumkvæðissjóðum Brothættra byggða II hlutu umsækjendur í byggðarlögnum eftirfarandi styrki í úthlutun Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra fyrir árið 2025:

Umsækjandi	Verkefni	Styrkur	Tegund styrks
Breyttur tilgangur lýsistanka á Raufarhöfn	Gjóra ehf.	1.500.000	Atvinnuþróun og nýsköpun
Fyrirlestur um Heimskautsgerðið/söguganga um Raufarhöfn	Halldóra Gunnarsdóttir	165.000	Atvinnuþróun og nýsköpun
Markaðssetning og uppbygging ferðapjónustu á Snartarstöðum	Sigurlína Jóhanna Jóhannesdóttir	750.000	Atvinnuþróun og nýsköpun
Sníkjudýr í sauðfé	Hafrafellstunga ehf.	1.000.000	Atvinnuþróun og nýsköpun
Flygilvinir fara á kostum á afmælisári	Flygilvinir – tónlistarfélag við Öxarfjörð	300.000	Menning
Hreiður drekans	Heimskautsgerðið á Raufarhöfn	1.500.000	Menning
Raufarhöfn rokkar	Rafnar Orri Gunnarsson	400.000	Menning
Óskarsbraggi staðarprýði	Heimsendi – menningarfélag Óskarsstöð	1.500.000	Stofn- og rekstrarstyrkir

## Úr ársskýrslum Raufarhafnar og framtíðarinnar II og Öxarfjarðar í sókn II - hugleiðingar verkefnisstjóra í lok

### árs 2025

Tilraunaverkefnið Raufarhöfn og framtíðin II og Öxarfjörður í sókn II hafa á árinu 2025 staðfest að tilraunaverkefnið eru bæði þörf og áhrifarík. Verkefnið hafa verið mjög sýnileg í samfélaginu og ljóst er að þau kveikja áhuga, efla samtal og byggja upp traust og samvinnu milli íbúa, frumkvöðla, sveitarfélags og annarra samstarfsaðila. Árangur fyrstu úthlutunar úr Frumkvæðissjóðum sýnir að þegar rými er skapað fyrir frumkvæði og hugmyndir, bregðast íbúar við með metnaði og framkvæmdavilja.

### Helstu styrkleikar og áhrif verkefnanna á árinu eru m.a.:

- Verkefnið hafa skapað virkan vettvang fyrir samtal, hugmyndavinnu og samstöðu í samfélaginu.
- Frumkvæðissjóðirnir hafa reynst öflugur hvati fyrir ný verkefni og sýnt fram á fjölbreytni hugmynda og möguleika til atvinnusköpunar og samfélagsefninga.
- Sýnilegur aukinn áhugi íbúa á öðrum sjóðum.
- Sýnileiki verkefnanna hefur aukið traust íbúa til þróunarstarfs og styrkt tengsl milli íbúa og stofnana.
- Samstarf ROF II og ÖÍS II hefur aukið þekkingarmiðlun milli svæða og styrkt faglega nálgun verkefnisstjórnar.

Á sama tíma hefur reynslan einnig sýnt að verkefnið eru krefjandi. Tilraunaverkefnið bætast ofan á önnur verkefni sem atvinnu- og samfélagsfulltrúar sinna og kalla á mikla nærveru, eftirfylgni, samskipti og stuðning við umsækjendur og íbúa.

Verkefnisstjórar telja allt benda til þess að tilraunaverkefnið myndu njóta enn meiri slagkrafts ef mögulegt væri að ráða inn starfsmann í afmarkað stöðugildi sem gæti stutt við framkvæmd verkefnanna, utanumhald, eftirfylgni og samfélagstengingu. Slíkur stuðningur myndi létta undir með verkefnisstjórum og samfélagsfulltrúum og tryggja að sá kraftur og áhugi sem verkefnið kveikja fái að njóta sín til fulls. Þannig gætu atvinnu- og samfélagsfulltrúar verið innan handar, veitt stuðning og slíkt en ekki séð um eiginlega framkvæmd. Eins og áður sagði vinna verkefnisstjórar ROF II og ÖÍS II náið saman og skipta með sér verkefnum, það er mat verkefnisstjórnanna að ef slík samvinna væri ekki til staðar gæti verkefnið ekki gengið upp á þessum forsendum.

Þrátt fyrir þessar áskoranir er skýr vilji til staðar til að halda verkefnunum áfram. Verkefnið hafa sannað gildi sitt sem mikilvæg tæki til samfélagsþróunar á Raufarhöfn og í Öxarfjarðarhéraði og sýnt að þörfin fyrir áframhaldandi stuðning við frumkvæði og samvinnu íbúa er mikil. Áskoranirnar undirstrika jafnframt mikilvægi þess að slík verkefni séu studd með nægilegum mannafla og skýrri umgjörð til að tryggja sjálfbærni og árangur til lengri tíma.

## Byggðarlög sem hafa lokið þátttöku í Brothættum byggðum


Þrettán byggðarlög hafa nú formlega lokið þátttöku í verkefninu, þ.e.a.s. Byggðastofnun hefur dregið sig út úr verkefnunum skv. samningum. Þau eru Raufarhöfn með verkefnið Raufarhöfn og framtíðin, Breiðdalur með verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina, Bíldudalur með verkefnið Bíldudalur- samtal um framtíðina, Skaftárhreppur með verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar, Hrísey með verkefnið Hrísey, perla Eyjafjarðar, Öxarfjarðarhérað með verkefnið Öxarfjörður í sókn, Borgarfjörður eystri með verkefnið Betri Borgarfjörður, Grímsey með verkefnið Glæðum Grímsey, Þingeyri og nærsveitir með verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar, Bakkafjörður og nærsveitir með verkefnið Betri Bakkafjörður og Strandabyggð með verkefnið Sterkar Strandir. Sem fyrr segir tekur Byggðastofnun þátt í tilraunaverkefnunum Raufarhöfn og framtíðin II og Öxarfjörður í sókn II þannig að segja má að þau verkefni hafi fengið þriggja ára framhaldslíf.



*Bíldudalur, mynd tekin 2015*

## 5. BREYTINGAR Á FJÖLDA ÍBÚA

Í Byggðaáætlun kemur fram að verkefninu er ætlað að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum. Því er ekki úr vegi að líta á þróun í íbúafjölda þáttökubbyggðarlaganna miðað við fyrsta janúar 1998-2026.



Staða byggðarlaganna er mjög misjöfn hvað varðar breytingar á íbúafjölda og við það bætist að þau hafa ýmist lokið verkefninu eða eru mislangt á veg komin. Í fljótu bragði séð virðist meirihluti byggðarlaganna eiga það sameiginlegt að tekið hefur að mestu fyrir hraða fækkun íbúa og jafnvægi náðst eða íbúum tekið að fjölga á ný síðustu ár. Fámennustu byggðarlögin, Grímsey og Bakkafjörður, hafa átt erfitt uppdráttar á undanförunum árum en á síðustu þremur til fjórum árum hefur íbúum Árneshrepps á hinn bóginn fjölgað. Á Raufarhöfn hefur heldur fækkað aftur eftir lítilsháttar fjölgun 2020-2023. Mestu sveiflurnar hafa verið í Skaftharhreppi og á Bíldudal og má gera ráð fyrir að það tengist einkum breytingum í atvinnulífi. Bíldudalur tók þátt í verkefninu aðeins um skamma hríð.

Af fjölmennari byggðarlögum sker þróun íbúafjölda í Strandabyggð sig nokkuð úr. Strandabyggð hefur glímt við nær viðvarandi fækkun íbúa á þessari öld ef frá er talið tímabilið 2010-2014, en á síðasta ári fjölgaði lítillega á ný.

Dalabyggð og Stöðvarfjörður hófu þátttöku í verkefninu á árinu 2022 og ef til vill er of snemmt að draga ályktanir út frá breytingum á íbúafjölda. Íbúum Dalabyggðar hafði á hinn bóginn fækkað jafnt og þétt fram undir árið 2020 en sveiflast lítillega um svipaða stöðu síðan. Minni sveiflur eru á Stöðvarfirði en þó gefur fjöldinn heldur eftir. Fullyrða má að í báðum tilvikum hafa íbúar tekið höndum saman og vinna að byggðapróunarverkefnunum af krafti.



Minjagripur Rósu Valtingojer með eftirmynd af teikningu af seglskipi ristu á stein sem fannst í uppgreftri á Stöð



*Nýting jarðhita er íbúum Reykhólahrepps ofarlega í huga*



*Hveravík í Kaldrananeshreppi. Víða í sveitarfélaginu er jarðhiti nýttur, m.a. í ferðapjónustu*

---

## 6. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM HAFA HLOTIÐ STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM

---

Verkefni sem styrkt hafa verið frá upphafi verkefnisins Brothættra byggða eru fjölmörg og fjölbreytt og snerta margar hliðar atvinnulífs, menningar og félagslífs í þátttökubýggðarlögunum. Hér getur að líta umfjöllun og örfá dæmi af mörgum um vel heppnuð frumkvæðisverkefni sem styrkt hafa verið úr sjóði Brothættra byggða í núverandi þátttökubýggðarlögum og tilraunaverkefnunum tveimur á árinu. Fjöldi annarra verkefna hefði sómt sér vel á þessum lista. Þess má geta að ekki er tímabært að fjalla um styrkt verkefni í Fjár sjóði fjalla og fjarða né Já! Kraftur í Kaldrana þar sem í öðru tilvikinu er nýbúið að úthluta í fyrsta sinn og í hinu er ekki búið að úthluta styrkjum.

### Flutningur á eldstæði og nytjaholu - Sterkur Stöðvarfjörður

Félag áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði fékk styrk úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar á árinu 2025 til að flytja eldstæði (langeld) og nytjaholu úr eldri landnámsskálanum í Stöð út í þorp í þeim tilgangi að hafa hann þar til sýnis miðsvæðis fyrir íbúa og gesti sem sækja Stöðvarfjörð heim. Við fornleifauppgröft á eldri skálanum í Stöð kom í ljós fallett eldstæði frá fyrstu árum Íslandsbyggðar sem og tvær nytjaholur sem gætu hafa verið matvæla-geymslur eða eldunarstaðir. Önnur holan er sérstök vegna þess að hún er fódruð með hellum. Verkefnið fólst í því að mæla með nákvæmum hætti og ljósmynda nytjaholuna og flytja svo steina sem fóðra nytjaholuna að innan á nýjan stað þar sem þeim var raðað upp ásamt eldstæðinu. Því næst var byggður hlífðarkassi úr timbri og gleri (plexíglari) til að verja nytjaholuna.

Vonast er til að þessi framkvæmd verði fyrsti vísir að menningarsögulegri ferðapjónustu á Stöðvarfirði auk þess sem verkefnið hefur varðveislugildi þar sem að minjarnar munu hverfa aftur með tímanum hefði ekki verið farið í þetta verkefni. Umfjöllun Austurfréttar um fornleifauppgröftinn á Stöð má t.d. sjá [hér](#) og [hér](#).

### Ýmis styrkt verkefni innan Sköpunarmiðstöðvarinnar – Sterkur Stöðvarfjörður

Það er ánægjulegt að segja frá því að nú er Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði orðin ein af fjórum menningar- miðstöðvum á Austurlandi en samningur þess efnis var undirritaður á milli ríkisins, Austurbrúar og sveitarfélaganna Múlapings og Fjarðabyggðar í desember 2025. Fjölmörg frumkvæðisverkefni sem unnin hafa verið af frumkvöðlum á Stöðvarfirði og hafa fengið styrk úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar tengjast Sköpunarmiðstöðinni á einhvern hátt þar má nefna Fræ Sköpunareldhús, Kaffi Kvörn, Atomic Analog og fl.

[Hér](#) má sjá frétt á vef stjórnarráðs þegar nýr menningarsamningur var undirritaður sem miðar að því að styrkja menningarinnviði Austurlands þ.m.t. Sköpunarmiðstöðina á Stöðvarfirði, einnig frétt á vef Austurbrúar [hér](#). Þess má geta að Sköpunarmiðstöðin er einnig handhafi Eyrarrósarinnar 2025, en sú viðurkenning er veitt fyrir framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins, sjá frétt á vef Byggingastofnunar [hér](#), umfjöllun á vef Listahátíðar í Reykjavík [hér](#) og viðtal við Eyrarróshafa á vef mbl.is [hér](#).

### **Kaffi Kvörn – Sterkur Stöðvarfjörður**

Fyrirtækið Kaffi Kvörn hefur verið starfrækt á Stöðvarfirði frá árinu 2022. Það heldur áfram að vaxa og dafna og hefur hlotið stuðning úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar vegna ýmissa verkþátta á þeirri vegferð í úthlutunum síðustu ára. Lukasz Stencel er sá sem fer fyrir fyrirtækinu og er það staðsett í Sköpunarmiðstöðinni. Kaffi Kvörn er eina kaffibrennslan á Austurlandi, hægt er að vera í kaffiáskrift en kaffið fæst þó einnig í nokkrum verslunum á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Það eru ýmis spennandi áform í deiglu um að útvíkka verkefnið og um þau má m.a. fræðast í frétt af vef mbl.is sjá [hér](#).

### **Dalverjans lönd – skyggst um af Skeggöxl – DalaAuður**

Tónlistarmaðurinn og ljósmyndarinn Eypór Ingi Jónsson er í forsvari fyrir þetta skemmtilega verkefni sem fékk styrk úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs á árinu 2025. Verkefnið hverfist um að taka ljósmyndir af landslagi og staðhátum í Dölunum, skrá þær, kortleggja og miðla á vef. Þetta er fyrsti áfangi verkefnisins en verkefnið áformar hann til nokkurra ára. Búið er að birta fyrstu ljósmyndirnar í myndasafninu á vef og óhætt er að segja að þær gefi fögur fyrirheit. Hugmyndin er að hluti ljósmyndanna verði gefinn sveitarfélaginu á stafrænu formi og áhugasömum s.s. ferðapjónustuaðilum og einstaklingum gefist kostur á að nýta myndirnar til að vekja athygli á Dölunum. Með þeim hætti er Eypór Ingi að gefa til baka til samfélagsins þar sem hann ólst upp.

Hér má sjá ljósmyndasíðuna [Dalverjans lönd](#). Umfjöllun um verkefnið má einnig sjá á bls. 12 í [Dalablaðinu](#). Hér má sjá [heimasíðu](#) Eypórs Inga.

### **Ræktun í Bokashi jarðvegi – DalaAuður**

Þau Anna Berglind Halldórsdóttir og Ólafur Bragi Halldórsson, bændur á Magnússkógum 3 í Dölunum hafa tvívegis hlotið styrk úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs til tilraunaverkefnis sem felst í að prófa ræktun í Bokashi jarðvegi. Markmið verkefnisins er að prófa að nota lífræn efni sem falla til á bóndabæ og meðhöndluð eru með Bokashi aðferð með því að dreifa efninu á flög og prófa að rækta plöntur sem notaðar eru í hefðbundnum landbúnaði og bera saman við venjuleg ræktunarskilyrði. Verkefnið gengur út á að sjá hvernig þessum plöntum gengur að vaxa og dafna í

jarðvegi sem hlotið hefur bokashi jarðvegsbæti og hvort hér sé um verkferil að ræða sem bændur gætu tileinkað sér til framtíðar. Sjá má viðtöl sem tekin voru við þau Önnu Berglindi og Ólaf Braga um þetta spennandi og nýstárlega verkefni og birtust í Bændablaðinu [hér](#) og [hér](#).

## Túngarðs tágar - DalaAuður

Verkefnið Túngarður, ræktun og framleiðsla tága úr víði, er nýsköpunarverkefni á landsvísu sem hefur nú lagt grunninn að framtíðarmarkmiði sínu sem er að koma af stað framleiðslu á tágum sem söluvöru í Túngarði á Fellströnd. Eru nú komin í jörðu hátt í 50 yrki af víði af öllum stærðum og gerðum sem er grunnur að því að geta boðið upp á fjölbreytt úrval fyrir framleiðslu tága hvað varðar ýmsa eiginleika hvers yrkis, til að mynda hvað varðar lengd, þykkt, áferð, sveigjanleika og lit sem má nota í ýmiss konar handverk eins og körfur, húsgögn eða grindverk. Með styrkveitingunni hafa þau Katrín Dröfn Guðmundsdóttir og Sveinbjörn Júlíus Tryggvason hafist handa við að byggja upp innlenda framleiðslu á efniviði sem hefur ekki verið fáanlegur hingað til. Ætlunin er að opna síðu fyrir verkefnið á slóðinni [tungardur.is](#), síðan er þó ekki komin í loftið.

## Beint frá skýli - sveitabúð – DalaAuður

Í Ásgarði búa bændurnir Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir. Þau fengu styrk úr DalaAuði á árinu 2023 til að setja upp sjálfsafgreiðsluverslun í litlum skúr við þjóðveginn þar sem hægt er að versla grænmeti, kjöt og fleira góðgæti beint frá bændum. Beint frá skýli opnaði um miðjan ágúst 2024 og fór vel af stað og viðtökurnar góðar. Hægt er að fylgjast með fréttum af uppskerunni og vöruúrvali hverju sinni á fésbókarsíðu þeirra [Frá Ásgarði](#). Einnig er hægt að lesa um verkefnið í Dalablaðinu á blaðsíðu 13, sjá [hér](#).

## Sjá má umfjöllun um fleiri styrkt frumkvæðisverkefni í Dalablaðinu

[Dalablaðið](#) var gefið út sem sérblað með Skessuhorni í júní 2025. Í því má sjá umfjöllun um fleiri frumkvæðisverkefni sem styrkt hafa verið af Frumkvæðissjóði DalaAuðs (frá bls. 12). Einnig má benda á fróðlegan útvarpsþátt, *Víðsvegar*, á RÚV, um sjálfsmynd samfélags. Þar sækir Gígja Hólmgeirsdóttir Dalamenn heim og ræðir við þá um ýmislegt tengt samfélaginu, m.a. Brothættar byggðir, sjá [hér](#).

## Sólstöðuhátíð - Öxarfjarðarhérað – tilraunaverkefni Bb II

Sólstöðuhátíðin í Öxarfjarðarhéraði á sér all langa sögu. Frumkvæðissjóður Öxarfjarðar í sókn II styrkti verkefnið á árinu 2025 vegna tónleikahalds. Haldnir voru tvennir tónleikar með Stebba Jak., aðrir þeirra voru fyrir börn, ungmenni og allan aldur, viðburður sem haldinn var að degi til. Um kvöldið var svo slegið í tónleika fyrir fullorðna og dansleikur haldinn í kjölfarið. [Hér](#) má sjá fésbókarsíðu Sólstöðuhátíðar á Kópaskeri. [Hér](#) má sjá frétt um undirbúning

### **Extended marketing- Öxarfjarðarhérað – tilraunaverkefni Bb II**

Fyrirtækið Hultin ehf. er í eigu Johan Lennart Hugo Hultin og er staðsett í Hafrafellstungu 2 í Öxarfirði. Frumkvæðissjóður Öxarfjarðar í sókn II styrkti verkefnið á árinu 2025 til markaðssetningarátaks. Markmið verkefnisins er að samræma, efla og þróa markaðssetningu og sér í lagi þjónustu fyrirtækisins. Fyrirtækið sérhæfir sig í alls kyns timburlausnum s.s. fyrir pallasmíði og hefur m.a. sett upp pallahönnunarforrit á heimasíðu fyrirtækisins. Fyrirtækið sinnir þjónustu einkum á Norður- og Austurlandi og er reglulega með svokallaðar „popup“ verslanir í byggðakjörnum á svæðinu. Sjá má umfjöllun um verkefnið á heimasíðu Norðurlings [hér](#). [Hér](#) má fylgjast með fyrirtækinu á fésbókarsíðu. Heimasíðu fyrirtækisins má sjá [hér](#).

### **Tankarnir á Raufarhöfn – Raufarhöfn og framtíðin – tilraunaverkefni Bb II**

Frumkvæðissjóður Raufarhafnar og framtíðarinnar styrkti verkefnið „Tankarnir á Raufarhöfn“ í úthlutun ársins 2025. Styrkveitingin var m.a. nýtt til tækjakaupa til sýningarhalds. Á þessu fyrsta starfsári Tankanna, sumarið 2025, voru haldnir þrjú vel heppnaðir viðburðir, Hljóðlistahátíðin Melrakkinn, trúbadúratónleikar með Brimi og listasýning Siggu Bjargar Sigurðardóttur og Mikaela Lind, Hringmyrkvun. Viðburðirnir fengu góða aðsókn og m.a. umfjöllun í Ríkisútvarpinu sem hlýða má á í þættinum Tengivagninum [hér](#) og [hér](#). Einnig fengu Tankarnir á Raufarhöfn mikilvægan styrk nýverið, samtals 8. m.kr. til að ljúka viðgerðum á þaki og koma upp merkingum við lýsistankana, úr aðgerð C.01. *Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða* á núgildandi byggðaáætlun, sjá umfjöllun [hér](#). Það er ánægjulegt að sjá þau skref sem hafa verið tekin til að mannvirkið verði tilbúið til notkunar í menningar-, lista- og ferðaþjónustu. [Hér](#) er hægt að fylgjast með fésbókarsíðu Tankanna á Raufarhöfn.

### **Arctic birdwatching - Raufarhöfn og framtíðin – tilraunaverkefni Bb II**

Verkefnið Arctic birdwatching, sem Ólafur Gísli Agnarsson er í forsvari fyrir, fékk styrk úr Frumkvæðissjóði Raufarhafnar og framtíðarinnar II í úthlutun ársins 2025. Verkefnið snýst um að ljósmynda náttúru og dýralíf Raufarhafnar og nágrennis. Ljósmyndunin er fyrsti áfangi stærra verkefnis sem snýr að því að upplýsa um og nýta einstakt dýralíf og náttúru svæðisins til að vekja athygli á og auka áhuga fólks á Raufarhöfn, Melrakkasléttu og svæðinu þar í kring. Vonast er til þess að verkefnið muni m.a. hafa áhrif á aukinn ferðamannastraum inn á svæðið. Styrkhafi er einnig í samstarfi við Rannsóknastöðina Rif og verkefnið Wooden Wings. Umfjöllun um verkefnið má sjá á fésbókarsíðu [hér](#).

---

## 7. ATHUGUN Á VIÐHORFUM TIL VERKEFNISINS BROTHÆTTRA BYGGÐA

---

Frá árinu 2024 verða viðhorfskannanir, sem lagðar eru fyrir íbúa í upphafi og við lok verkefnis, fastur liður í verkefnum Brothættra byggða. Í íbúakönnunum er leitast við að afla sem gleggstra upplýsinga um viðhorf til verkefnisins en einnig til samfélagsins í hverju byggðarlagi. Við gerð viðhorfskannananna var m.a. leitað til Vífils Karlssonar og Bjarka Þórs Grönfeldt um leyfi til að nota spurningar um félagssálfræðilega þætti sem fram koma í skýrslu þeirra [Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum frá 2024](#). Þetta er áhugaverð nálgun í ljósi þess að ætla má að tengsl séu á milli viðhorfa íbúa til síns samfélags og velgengni samfélagsins. Viðhorfskannanirnar hafa verið lagðar fyrir á íslensku, ensku, pólsku og tékknesku, til að koma betur til móts við íbúasamsetningu hvers þáttökubyggðarlags. Fróðlegt verður að bera saman upplýsingar sem fást úr þessum könnunum er fram líða stundir.

Á tímabilinu desember 2024 til loka febrúar 2025 var lögð fyrir könnun meðal íbúa Reykhólahrepps í tengslum við verkefnið Fjárjóð fjalla og fjarða. Niðurstöður könnunarinnar má sjá [hér](#).

Haustið 2025 var lögð fyrir íbúakönnun í nýju verkefni í Kaldrananeshreppi, Jú víst! Kraftur í Kaldrana. Niðurstöður úr könnuninni má skoða [hér](#).

Í tengslum við tilraunaverkefni tvö, á Raufarhöfn og í Öxarfjarðarhéraði voru lagðar fyrir kannanir meðal íbúa. Niðurstöður fyrir Raufarhöfn má sjá [hér](#) og fyrir Öxarfjarðarhérað, [hér](#).

Á undanförunum árum hefur verið gerð tilraun til að nálgast viðhorf til verkefnisins. Kannanir hafa verið gerðar meðal verkefnisstjórna í nokkur skipti og á árinu 2023 var gerð könnun meðal styrkhafa í Brothættum byggðum. Niðurstöður þeirrar könnunar eru um margt áhugaverðar og sýna m.a. fram á að styrkþegar telja þennan stuðning afar mikilvægan fyrir framgang þeirra verkefna. Frétt um þá könnun má sjá [hér](#) og niðurstöður hennar [hér](#). Einnig höfðu áður verið lagðar fyrir í nokkur skipti viðhorfskannanir í lok verkefna í Brothættum byggðum til að kanna viðhorf íbúa til ýmissa þátta verkefnisins en en aðeins í einu byggðarlagi hafði verið gerð sambærileg könnun í upphafi verkefnis. Sem fyrr greinir verða viðhorfskannanir meðal íbúa, 18 ára og eldri framvegis fastur liður í framkvæmd verkefna í þáttökubyggðarlögum Brothættra byggða.



*Vitinn á Drangnesi vakir yfir gistiheimili Malarhorns*

## 8. VIÐAUKAR

### Viðauki I. Sterkur Stöðvarfjörður, staða starfsmarkmiða



Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi							
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
1.1 Farið verði í hugmyndavinnu með virku samstarfi íbúa og sveitarfélags um nýtingu á Balanum.						Lokið	Vor 2023
1.2 Uppbygging hafin á Balanum og fyrstu áföngum lokið 2023.							Lok árs 2023
1.3 Átak í gerð göngu – og hjólastíga. A.m.k. tvær nýjar leiðir verði tilbúnar haustið 2025.						Lokið	Haust 2025
1.4 Útgáfa á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni.							Lok árs 2023
1.5 Árlegir hreinsunardagar. Úrbótaganga.						Lokið '23, '24, '25	
1.6 Íbúafundur og hugmyndavinna um hvernig miðbæ er ákjósanlegast að hata á Stöðvarfirði.						Lokið	Vor 2023
1.7 Kannaður verður grundvöllur fyrir því að haldið verði áfram með verkefnið Skúlpúraslóð.						Aflagt á íbúafundi 2024	Sumar 2023
1.8 Skoðaður verður sá möguleiki að sett verði útilíkamsræktartæki við vinsælar gönguleiðir.							Vor 2024
1.9 Greining gerð á hundasvæði.						Lokið	Lok árs 2023
1.10 Göngustígum á Stöðvarfirði og í grennd við þorpið verði viðhaldið og vinna kláruð við endurbætur eftir því sem við á.						Lokið	Lok árs 2024
1.11 Gangstéttir kláraðar og bætt þar sem vantar.						Lokið	Lok árs 2024
1.12 Kannaðir verði möguleikar á aðgerðum í orkusparnaði fyrir íbúðarhúsnæði.						Lokið	Lok árs 2023
1.13 Reglur varðandi opnunartíma móttökustöðva vegna endurvinnslu verða endurskoðaðar.							Lok árs 2024

**1.1 Hugmyndavinna um nýtingu á Balanum:** Búið er að teikna svæðið eftir hugmyndavinnu íbúa.

**1.2 Uppbygging á Balanum hafin og fyrsta áfanga lokið í lok árs 2023:** Svæðið var sett í aðalskipulag Fjarðabyggðar í ár. Skemmtifélag Stöðvarfjarðar fékk styrk bæði frá Sterkum Stöðvarfirði og Samfélagssjóði Alcoa til kaupa á aparólu sem verður sett upp á vormánuðum 2026.

**1.3 Átak í gerð göngu – og hjólastíga. A.m.k. tvær nýjar leiðir verði tilbúnar haustið 2025:** Þrír göngustígar voru lagðir sumarið 2023 og sumarið 2024 var göngustígurinn í átt að Byrgisnesi lengdur. Sumar 2025 var göngustígur lagður frá gömlu kirkjunni og niður á Balann.

**1.4 Útgáfa á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni:** Íbúasamtök Stöðvarfjarðar fengu styrk frá Frumkvæðissjóði 2023 til þess að hefja undirbúning að rafrænu göngukorti um Stöðvarfjörð. Byrjað hefur verið að safna hnitum.

**1.5 Árlegir hreinsunardagar:** Árlegt stafsmarkmið. Vel heppnaður hreinsunardagur var haldin 17. maí.

**1.6 Íbúafundur og hugmyndavinna um hvernig miðbæ er ákjósanlegast að hafa á Stöðvarfirði:** Kallað var eftir hugmyndum frá íbúum varðandi þetta starfsmarkmið og komu margar áhugaverðar fram. Aðstaða fyrir íbúa og gesti hefur verið bætt með styrk á kaupum á bekkjum og borðum, göngustígar lagðir til að tengja saman svæði á Stöðvarfirði. Með starfsemi í gamla kaupfélagshúsinu mun miðbær Stöðvarfjarðar styrkjast enn frekar.

**1.8 Skoðaður verður sá möguleiki að sett verði útilíkamsræktartæki við vinsælar gönguleiðir:** Ungmennafélagið Súlan fékk styrk úr Frumkvæðissjóðnum árið 2024 til að koma upp útilíkamsræktar tækjum.

**1.9 Greining á hundasvæði Stöðvarfjarðar:** Leyfi var fengið hjá Fjarðabyggð um uppbyggingu á svæðinu eftir greiningavinnu sem nokkrir íbúar unnu. Styrkur var veittur til að koma upp hundasvæði og sú vinna mun byrja á vormánuðum 2026.

**1.10 Göngustígum viðhaldið:** Í sumar var malbikuð gangstéttin við Fjarðarbraut sem eru mikil gleðitíðindi enda lögðu íbúar mikla áherslu á að farið yrði í það verkefni þar sem það er mikið öryggisatriði.

**1.12 Kannaðir verði möguleikar á aðgerðum í orkusparnaði fyrir íbúðarhúsnæði fyrir lok árs 2023:** Íbúar hafa tekið þetta starfsmarkmið aftur upp og eru að vinna í því að kaupa varmadælur til uppsetningar. Í vor var haldin kynningarfundur á vegum Eygló East þar sem farið var yfir styrkja umhverfi, kosti varmadælna og fleira.

**1.13 Reglur varðandi opnunartíma móttökustöðva vegna endurvinnslu verða endurskoðaðar:** Verkefnisstjóri sendi inn greinargerð til Fjarðabyggðar vegna óánægju íbúa Stöðvarfjarðar með opnunartíma móttökustöðvar bæjarins. Í lok árs var tilkynnt um óbreyttan opnunartíma sem eru mikil vonbrigði.



Meginmarkmið 2: Samheldið samfélag							
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga.						Lokið	Lok árs 2022
2.2 Kanna grundvöll fyrir leigu-miðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun.						Lokið	Vor 2023
2.3 Athuga þörf og fýsileika á húsnæðiskostum fyrir aldraða, svo sem þjónustuíbúðum, dvalarheimili og minni raðhúsum							Lok árs 2023
2.4 Sveitarfélagið skoði möguleika á ýmsum fjárhagslegum aðgerðum, til dæmis að fella niður eða gefa afslátt af opinberum gjöldum í því skyni að laða að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta						lokið	Lok árs 2024
2.5 Kannaðir verði möguleikar á breytingu á opnunartíma sundlaugar með tilraunaverkefni í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir notenda og auka nýtingu á sundlauginni.						Lokið	Sumar 2023
2.6 Kannaður verði grundvöllur fyrir lækun orkukostnaðar í rekstri sundlaugar.							Lok árs 2023
2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggðaáætlunar (A9).						lokið	Haust 2022
2.8 Aðstaða við Ölduna verði bætt.						Aflagt á íbúafundi '24	Lok árs 2024
2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf.						Boðið verður upp á árlega	Haust 2022
2.10 Í samstarfi við stjórn Ungmennafélagsins Súlunnar verði leitað leiða til þess að efla íþróttastarf félagsins.						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022
2.11 Kortlagning á þörfum íbúa fyrir afþreyingu og félagsstarf og hvernig hægt er að mæta þeim.						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022

**2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga:** Facebook hópur er til, og hafa brottfluttir Stöðfirðingar sótt um styrki í frumkvæðissjóð Sterks Stöðvarfjarðar fyrir verkefnum á Stöðvarfirði.

**2.2 Kanna grundvöll fyrir leigumiðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun:** Aflað var upplýsinga varðandi eigendur húsnæðis sem ekki er í heilsársnotkun og kannaður áhugi á þessu markmiði. Í ljós kom að eigendur höfðu ekki áhuga á að stofna eiginlegt félag eða leigumiðlun.

**2.3 Athuga þörf og fýsileika á húsnæðiskostum fyrir aldraða, svo sem þjónustuíbúðum, dvalarheimili og minni raðhúsum fyrir lok árs 2023:** Fjarðabyggð hefur verið að afla gagna og um þetta tiltekna starfsmarkmið fyrir sveitarfélagið í heild.

**2.4 Sveitarfélagið skoði möguleika á ýmsum fjárhagslegum aðgerðum, til dæmis að fella niður eða gefa afslátt af opinberum gjöldum í því skyni að laða að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta:** Fjarðabyggð er með í skoðun að breyta reglum um afslátt vegna gatnagerðargjalda svo að jaðarbyggðir sveitarfélagsins fái hærri afslátt. Er þessi breyting gerð í von um að byggt verði meira á svæðum þar sem eftirspurn eftir lóðum er minni.

**2.5 Kannaðir verði möguleikar á breytingu á opnunartíma sundlaugar með tilraunaverkefni í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir notenda og auka nýtingu á sundlauginni:** Sumarið 2025 var opnunartími sundlaugarinnar lengdur þannig að það opnaði fyrr á morgnanna.

**2.6 Kannaður verði grundvöllur fyrir lækkun orkukostnaðar í rekstri sundlaugar:** Eycló east er að skoða rekstur sundlauga Austurlands með það að markmiði að lækka rekstrarkostnað þeirra.

**2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggðaaætlunar (A9):** Verslunin Krónan bíður upp á heimsendingu á matvörum til íbúa Stöðvarfjarðar sem hafa tekið vel í þessa þjónustu. Veittur var styrkur úr A9 til verslunar á Stöðvarfirði nú í lok árs.

**2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf:** Verkefnisstjóri auglýsir reglulega þessa þjónustu Austurbrúar ásamt því að fulltrúi frá fræðslusviði Austurbrúar hélt kynningarfund fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla Stöðvarfjarðar.

**2.10 Efla íþróttastarf Súlunnar:** Árleg endurskoðun hjá stjórn Súlunnar.

**2.11 Afbreyting og félagsstarf íbúa:** Fyrirtækið í Friði og ró hefur haldið nokkur jóga námskeið. Það eru haldin spilakvöld vikulega í húsnæði eldri borgara. Skemmtifélag Stöðvarfjarðar hefur verið að bjóða upp á bíósýningar í Sköpunarmiðstöðinni, ásamt sápukúlufjöri á Balanum.



### Meginmarkmið 3: Öflugt atvinnulíf

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
3.1 Komið á opinberu starfi á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.2 Unnið verði að því að koma á fót aðstöðu fyrir óstaðbundin störf á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.3 Kanna grundvöll fyrir stofnun á vottuðu framleiðslueldhúsi.						Lokið	Lok árs 2023
3.4 Kanna grundvöll þess að koma á fót miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi, staðsettri á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.5 Styrkja stöðu Stöðvarfjarðar sem safnabæjar og tekið verði upp samstarf við Safnastjórn Fjarðabyggðar um eflingu safnastarfs og fjölgun tengdra starfa á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.6 Skoðaður verður grundvöllur þess að setja upp sýningu um fornleifar á Stöðvarfirði.							Lok árs 2025
3.7 Greina þörf fyrir sameiginlegt vörumerki eða „skjaldarmerki“ sem gæti nýst í markaðssetningu á vörum framleiddum á Stöðvarfirði.						Lokið	Lok árs 2023
3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með því að auka samstarf milli íbúa og forsvarsmanna með hugarflugsfundum og heimsóknum.						Lokið	Lok árs 2023
3.9 Virkja íbúa og aðra áhugasama til þess að halda námskeið út frá þekkingu og aðstöðu.						Lokið	Lok árs 2023

3.10 Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunar-verkefni tengt atvinnulífi á Stöðvarfirði verði komið til framkvæmda.						Lokið	Lok árs 2024
3.11 Kannaður verði möguleiki á samningi um sértækt Aflamark Bygðastofnunar.						Lokið	Lok árs 2024

**3.2 Unnið verði að því að koma á fót aðstöðu fyrir óstaðbundin störf á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2024:** Á efri hæð Sköpunarmiðstöðvarinnar er búið að taka frá rými þar sem eiga að koma skrifstofur og fundaraðstaða fyrir einstaklinga sem vinna í fjarvinnu. SSA sendi inn umsókn fyrir óstaðbundin störf í byggðaáætlun C1. Styrkur var ekki veittur.

**3.3 Kanna grundvöll fyrir stofnun á vottuðu framleiðslueldhúsi fyrir smáframleiðendur:** Verið er að vinna í því að standsetja rými í Sköpunarmiðstöðinni.

**3.4 Kanna grundvöll þess að koma á fót miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi:** Ekki er komið á formlegt samtal um kjarna þessa starfsmarkmiðs en með auknum sýnileika verður auðveldara að hefja það samtal en árið hefur verið nýtt í að vekja athygli á fornleifa uppgreftinum inn á Stöð.

**3.6 Skoðaður verður grundvöllur þess að setja upp sýningu um fornleifar á Stöðvarfirði:** Áhugahópur um fornleifar á Stöðvarfirði fengu styrk úr Frumkvæðissjóði til þess að færa langeld og nytjaholu frá Stöð og inn í þorp. Búið er að smíða veglegt hús yfir minjarnar sem verður vonandi til þess að vekja áhuga gesta á fornleifunum inn á Stöð.

**3.7 Greina þörf fyrir sameiginlegt vörumerki eða „skjaldarmerki“ sem gæti nýst í markaðssetningu á vörum framleiddum á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2023:** Í tengslum við þarfagreiningu og skipulag á iðnaðareldhúsinu, var fenginn hönnuður til að teikna upp merki eldhússins, sem heitir Fræ Sköpunareldhús. Það á þó eftir að hefja það samtal hvort að framleiðendur muni nota það til þess að merkja sínar vörur.

**3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með því að auka samstarf milli íbúa og forsvarsmanna með hugarflugsfundum og heimsóknum:** Það eru reglulega opin hús í Sköpunarmiðstöðinni og haldnir viðburðir þar sem íbúum er boðið.

**3.9 Virkja íbúa og aðra áhugasama til þess að halda námskeið út frá þekkingu og aðstöðu fyrir lok árs 2023:** Ný rými í Sköpunarmiðstöðinni hafa opnað enn meira á þennan möguleika.

**3.10 Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengt atvinnulífi á Stöðvarfirði verði komið til framkvæmda fyrir lok árs 2024:** Fyrirtækið *Brauðdagur* er komið í vottað framleiðslurými. Aðstaðan hjá Kaffibrennslunni Kvörn er orðin fyrsta flokks. Enn er verið að vinna í koma upp þjónustumiðstöð fiskeldis í gömlu bræðslunni. Tréverkstæðið Stöðfirska Byggingarfélagið hefur nóg að gera. Naglafræðingur er með starfsemi heima hjá sér og boðið er upp á orkupunkta meðferðir, námskeið og jólgagöngur hjá Friði og ró.

Meginmarkmið 4: Sterkir innviðir							
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
4.1 Aukin tækifæri í ferðamennsku. Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðaþjónustu á Stöðvarfirði. Skoða sérstaklega gæði þjónustu og afþreyingar-möguleika.						Lokið	Sumar 2023
4.2 Farið verði í umbætur á Suðurfjarðavegi á verkefnistíma Sterks Stöðvarfjarðar.							Lok árs 2025
4.3 Farið verði í greiningarvinnu á núverandi leiðakerfi almenningssamgangna svo að þær verði styrktar enn frekar.						Lokið	Lok árs 2022
4.4 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í íbúðarhús á Stöðvarfirði.						Lokið	Mitt ár 2024
4.5 Útfæra og setja upp upplýsingaskilti víðsvegar um bæinn. Að minnsta kosti þrjú ný skilti verði komin upp.							Sumar 2023
4.6 Skoðaður möguleiki þess að koma á fót „fjölnotahúsi“.							Lok árs 2023
4.7 Núverandi heilbrigðisþjónusta verði greind með það að leiðarljósi að koma betur til móts við notendur.							Lok árs 2023
4.8 Kortleggja allar mögulegar leiðir til uppbyggingar íbúðarhúsnaðis á Stöðvarfirði.						Lokið	Lok árs 2023
4.9 Teknar verði í notkun fimm nýjar íbúðir á Stöðvarfirði.							Lok árs 2025
4.10 Skoðað verði að koma á fót iðngörðum og/eða skrifstofukjarna.							Lok árs 2024

4.1 Aukin tækifæri í ferðamennsku. Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðaþjónustu á Stöðvarfirði: Greinargerð kláruð 2024 og er aðgengileg inn á heimasíðu Austurbrúar<sup>2</sup>.

**4.2 Farið verði í umbætur á Suðurfjarðavegi á verkefnistíma Sterks Stöðvarfjarðar fyrir lok árs 2025:** Sveitarstjórn sem og aðrir kjörnir fulltrúar Fjarðabyggðar hafa verið að þrýsta á að framkvæmdum á Suðurfjarðavegi verði flýtt á samgönguáætlun. Þingfólk kjördæmisins hefur einnig lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis.

**4.3 Greining á núverandi kerfi almenningsamgangna:** Starfsmarkmið klárað 2022 með minnisblaði varðandi hugmyndir og ábendingar frá íbúum Stöðvarfjarðar.

**4.4 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í íbúðarhús á Stöðvarfirði fyrir mitt ár 2024:** Í sumar var klárað að tengja öll íbúðarhúsnæði við ljósleiðara, íbúum að kostnaðarlausu.

**4.7 Núverandi heilbrigðisþjónusta verði greind með það að leiðarljósi að koma betur til móts við notendur fyrir lok árs 2023:** Þessi vinna er lítillega hafin. Verkefnisstjóri mun kanna áhuga meðal íbúa betur á nýju ári.

**4.8 Kortleggja allar mögulegar leiðir til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á Stöðvarfirði fyrir árslok 2023:** Greinargerð var tekin saman um þá möguleika sem eru til staðar til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis. Í vor kláraði Fjarðabyggð að deiliskipuleggja sex nýjar lóðir í Heiðmörk.

**4.10 Skoðað verði að koma á fót iðngörðum og/eða skrifstofukjarna fyrir árslok 2024:** Verkefnisstjóri mun eiga fund með framkvæmdastjóra Sköpunarmiðstöðvarinnar þar sem kortlagt verður betur nýtingu á húsnæðinu og möguleika til útleigu undir ýmiskonar starfsemi. Markmið tengist einnig starfsmarkmiði 3.2.

Af 43 skilgreindum starfsmarkmiðum Sterks Stöðvarfjarðar er staðan í lok árs 2025 eftirfarandi:

- 27 markmið lokið
- 12 markmið í vinnslu
- 4 markmið ekki hafin
- 2 markmið aflögð eða endurskoðuð

Þessi staða bendir til þess að markmiðasetning verkefnisins hafi verið raunhæf, forgangsröðuð og að framkvæmd hafi haldist í takti við áætlanir. Tvö markmið voru aflögð eða endurskoðuð í samráði við íbúa og endurspeglar að verkefnisáætlun er lifandi plagg sem tekur breytingum ef við á.



Horft til vesturs af Fellsströnd yfir nes og eyjar á Breiðafirði

Meginmarkmið 1 – Samkeppnishæfir innviðir						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.1. Skoðaðir verða allir kostir til að hægt sé að auka við uppbyggingu húsnæðis í sveitarfélaginu á starfstímanum. Stefnt sé með þessu að fjölbreyttara framboði á húsnæði.						Markmiði náð 2025. Nýtt deiliskipulag var samþykkt og birt árið 2025, fyrir þéttbýlið í Búðardal. Þar er gert ráð fyrir hátt í 40 mismunandi íbúðareiningum. Átta nýjar íbúðir hafa verið byggðar á verkefnistímanum og áform eru um fleiri.
1.2. Stofnað verði fjárfestingafélag um uppbyggingu iðngarða í Búðardal fyrir lok árs 2023.						Stofnaður var undirbúningshópur sem er starfandi og heldur utan um framkvæmdina. 5.000.000 kr. styrkur fékkst úr C1 fyrir hönnun á iðngörðum í Búðardal. Undirrituð var viljayfirlýsing Dalabyggðar og Byggðastofnunar um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í lok árs 2024.

<p>1.3. Lokið verði við byggingu íþróttahúss og sundlaugar í Búðardal á árinu 2026.</p>					<p>Markmið er á áætlun og stefnt að verklokum snemma árs 2026. Framkvæmdir við mannvirkin eru hafnar.</p>
<p>1.4. A.m.k. tvær gönguleiðir verði betrubættar eða útbúnar í og við Búðardal fyrir árið 2025.</p>					<p>Skógræktarfélag Dalasýslu hefur fengið styrki úr Framkvæðissjóði vegna uppbyggingar útivistarsvæðis og gönguleiða í Brekkuskógi, rétt fyrir utan Búðardal. Á íbúafundi 2024 var einnig óskað eftir að hugað væri að viðhaldi strandleiðar í Búðardal. Undir þetta féll líka aðgerð um að laga göngubrú upp að hesthúshverfi, sem hefur verið gert.</p>
<p>1.5. Kortlagning gönguleiða víða um Dalabyggð, sem unnið er að á vegum SSV, verði gerð aðgengileg almenningi árið 2023. Valdar leiðir verði stikaðar, þar sem það á við, til að auka aðgengi að þeim.</p>					<p>Kortlagningu er lokið á vegum SSV og upplýsingar eru komnar í hendur Ferðamálastofu. Veittir hafa verið styrkir til gönguleiða í gegnum Framkvæðissjóð og einnig í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Áhugamannahópur fékk styrk árið 2024 og 2025 til að stuðla að frekari stikun gönguleiða í Dalabyggð. Hér eru þó áfram mikil sóknarfæri.</p>
<p>1.6. Samstarfsverkefni á vegum SSV, Dalabyggðar og Markaðsstofu Vesturlands verði sett á legg til að útbúa upplýsingapakka og kynningarefni um útivistarleiðir, svo sem göngu-, reið- og hjólaleiðir í Dalabyggð, sem verði tilbúinn fyrir lok árs 2025.</p>					<p>Vefur Ferðamálastofu hýsir þær leiðir sem hnitsettar voru á vegum SSV árið 2022. Þær eru einnig aðgengilegar á vef markaðsstofu Vesturlands. Vinna þarf áfram að kynningu á þeim gönguleiðum sem eru þekktar, stikaðar eða aðgengilegar á annan hátt. Það eru hins vegar ekki margar hnitsettar eða stikaðar gönguleiðir í Dalabyggð. Hestamannafélagið Glaður hefur unnið flotta vinnu við að hnitsetja allar reiðleiðir. Áhugamannahópurinn Dalamannabrölt hefur unnið að stikun gönguleiða. Sveitarfélagið Dalabyggð vinnur um þessar mundir að markaðsefni tengdum Dölunum, þar sem meðal annars er vakin athygli á möguleikum til útivistar í Dalabyggð. Þetta fellur einnig að markmiði um stefnumótun í ferðaþjónustu.</p>

<p>1.7. Komið verði á samtali milli hlutaðeigandi aðila um skipulag reiðleiða í Dalabyggð árið 2025.</p>					<p>Óformlegt samtal hefur átt sér stað og verkefnisstjóri boðið fram aðstoð við umsóknir í reiðvegasjóð, DalaAuð o.fl. Stjórn Glaðs sækir árlega um í reiðvegasjóð og notar þá fjármuni til uppbyggingar á reiðleiðum. Nú er verið að klára vinnu við reiðvegi í námunda við Búðardal, síðan verður skoðað hvaða leiðir á að byggja upp næst. Verkefnisstjóri hélt kaffispjall og bauð Hestamannafélaginu Glaði og áhugamannahópnum Dalamannabrólti að leiða umræðu um reið- og gönguleiðir í Dölum. Kaffispjallið var öllum opið.</p>
<p>1.8. Unnið verði að a.m.k. tveimur verkefnum sem fela í sér uppbyggingu skógarstiga eða áningarstaða innan skóga fyrir 2025.</p>					<p>Verkefnið í Brekkuskógi hefur fengið styrk til uppbyggingar á áningarstað og gönguleiðum. Það verkefni er komið á framkvæmdastig.</p>
<p>1.9. Unnið verði eftir tillögum og forgangsröðun vegaframkvæmda á starfstímabilinu 2022-2025, líkt og þær eru lagðar til í Samgönguáætlun Vesturlands. Íbúar verði upplýstir um framvindu og frávik allra framkvæmda í byggðarlaginu.</p>					<p>Sveitarstjórn og SSV hafa þrýst með virkum hætti á framkvæmdir. Þrýst hefur verið á að framkvæmdum verði flýtt í sumum tilvikum. Búið er að leggja fram og endurskoða áherslur Dalabyggðar í samgöngumálum árin 2023 og 2024 og Dalabyggð vann að innviðaskýrslu sem ætlað er að nýtist sem þrýstigagn á ríkisvaldið. Mikill þrýstingur er á innviðaráðuneyti um að ný samgönguáætlun sé í takt við innviðapörf á svæðinu. Íbúar hafa þrýst á stjórnvöld, meðal annars með gjörningum árin 2023 og 2024.</p>
<p>1.10. Stofnvegurinn um Skógarströnd verði endurbættur og árlegar fjárveitingar til verkefnisins tryggðar þannig að klára megi framkvæmdir sem fyrst.</p>					<p>Þrýst hefur verið á að ekki verði hlé á þessari framkvæmd og samkvæmt samgönguáætlun eins og hún liggur fyrir núna er hugað að áframhaldandi framkvæmdum á veginum, þó íbúar hefðu viljað sjá hraðari framgang í framkvæmdunum.</p>
<p>1.11. Lögð verði áhersla á að leggja bundið slitlag á Laxárdalsveg eigi síðar en árið 2024.</p>					<p>Á tengivegaáætlun fyrir vestursvæði Vegargerðarinnar voru um 40% fjármagns áætlað í vegi í Dalabyggð árið 2025. Vegurinn um Laxárdal er á þeirri áætlun. Unnið var að því að leggja slitlag á veginn árin 2022-2025. Hluti vegarins er eftir en útlit</p>

					er fyrir að það náist að ljúka að leggja bundið slitlag árið 2026.
1.12. Gerð verði þarfagreining og áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í byggðarlaginu árið 2023.					Starfshópur vann þarfagreiningu, skoðað var bæði þörf á hraðhleðslustöðvum og áform ferðaþjónustuaðila um uppsetningu rafhleðslustöðva. Metið var sem svo að hraðhleðslustöðvar yrðu í þéttbýlinu, minni stöðvar annars staðar. Ferðaþjónum var boðið að skoða tilboð frá fyrirtækjum. Staðsetning hleðslustöðva hefur einnig verið skoðuð í tengslum við deiliskipulagsgerðina. Þrjár hraðhleðslustöðvar, ásamt einni minni eru á áætlun, auk þeirra tveggja sem þegar eru komnar.
1.13. Þegar áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í Dalabyggð liggur fyrir, sbr. markmið 1.12., eigi sér stað samtalið við ríki og þjónustuaðila um aðgengi að hleðslustöðvum árið 2024, með tilliti til áherslu ríkisvaldsins á orkuskipti.					Aðgerðin var sett fram vegna þess að töluvert ósamræmi var í greiðsluleiðum, tengjum og almennu aðgengi að rafhleðslustöðvum. Þessi aðgerð er talin óþörf eftir samtali við ráðherra eftir íbúafund. Þ.e. þróun í hraðhleðslustöðvum er hröð og aðgengi að þeim að verða samhæðara almennt. Aðgerð skráð lokið eftir samtalið.
1.14. Byggt verði upp hleðslustöðvanet í Dalabyggð í samræmi við ofangreinda áætlun í 1.12 fyrir lok árs 2025.					Komnar eru tvær stöðvar við Krambúðina og hægt að hlaða fimm bíla þar samtímis. Þá eru einnig komnar upp nýjar hleðslustöðvar við stjórnsýsluhúsið í Búðardal. Starfshópur sem rýndi þetta 2022 var á því að einmitt þyrfti að styrkja þessa innviði í Búðardal.  Gott væri fyrir ferðaþjóna að huga að uppbyggingu hjá sér einnig eftir getu og þörfum. Ferðaþjónum var boðin kynning og tilboð varðandi hleðslustöðvar snemma árs 2023.
1.15. Árlega verði unnið að framgangi í þrífösun og að því að leggja rafmagn í jörð á starfstímanum. Lokið verði að fullu við þrífösun á rafmagn og					<b>Gert 2022:</b> Skerðingsstaðir að Lyngbrekku inn á Fellströnd, um 42 km kafli.  Dælustöð Fellsenda að Hundadal inn í Miðdal, um 2.2 km kafli.

<p>að leggja strengi í jörðu árið 2026.</p>					<p>Máskelda að Ársel veiðihúsi inn í Hvolsdal, um 3.6 km kafli.</p> <p><b><u>Gert 2023:</u></b> Álfheimar að Gunnarsstöðum inn á Skógarströnd, um 19 km kafli.</p> <p>Leysingjastaðir að Laugaskóla inn í Hvammssveit, um 2.2 km kafli.</p> <p><b><u>Kaflar á áætlun 2025:</u></b></p> <p>Fellströnd, frá Lyngbrekku að Vogu um 15 km leið.</p> <p>Frá Búðardal að Glerárskógum um 10 km leið.</p> <p><b><u>Kaflar á áætlun 2026:</u></b> Halda á áfram frá Gunnarsstöðum að Bíldhól inn á Skógarströnd. Setja á þá upp rofastöð við Bíldhól til þess að bæta rekstur kerfisins.</p> <p>Byrja á að strengvæða Skarðsströndina frá Tjaldanesi að Krossá.</p> <p>Setja þarf upp rofastöð við Máskeldu til þess að bæta reksturinn.</p>
<p>1.16: Gert verði áttak í að styrkja fjarskiptainnviði og bæta þannig símasamband í Dalabyggð árið 2024-2025.</p>					<p>SSV vann úttekt á fjarskiptamálum í Dalabyggð og voru þar settar fram tillögur að lausnum fyrir hvern stað. Sveitarstjórn vinnur að eftirfylgni þeirra lausna í samvinnu við fjarskiptafyrirtæki. Kallað hefur verið eftir úttekt frá Milu vegna stöðu á Fellsströnd og í lok árs var óvissa varðandi áhrif þess að lokað var á 2G og 3G. SSV og Dalabyggð hafa þrýst á umbætur allt starfstímabil DalaAuðs og eru í samtali við innviðaráðuneytið vegna stöðunnar.</p>
<p>1.17. Íbúar fá kynningu á kostum og göllum varmadæla og reglum um niðurgreiðslur í því sambandi, á árinu 2023.</p>					<p>Vel heppnuð kynning var haldin í nóvember 2024.</p>

1.18. Átak verði í nýtingu félagsheimila í Dalabyggð árin 2022-2025.					Dalabúð er í mikilli notkun, bæði undir samkomuhald og ýmis konar skóla- og félagsstarf. Staðarfell var selt árið 2023 og opnað var vottað eldhús í Tjarnarlundi. Árið 2025 var Árblik selt en hafði fram að því verið í rekstri.
1.19. Árið 2022 eigi sér stað formlegt samtali við Biskupsstofu um nýtingu kirkna og uppbyggingu og viðhald á sögufrægum kirkjum í Dalabyggð.					Aflagt á íbúafundi 2023.
1.20. Sveitarfélagið skoði að fá til liðs við sig íbúa og aðra sjálfbodaliða til að taka þátt í hreinsunarátaki í byggðarlaginu, sumrin 2023-2026.					Hvatt var til hreinsunardags fyrir Jörvagleði 2023. Árið 2024 var tekið mun meira magn af járnarusli miðað við árin á undan með nýrri áherslu í söfnun þess. Þá voru settir upp gámar og hvatt til plokks og hreinsunar í tengslum við bæjarhátíð. Það sama var gert í kringum Jörvagleði 2023. Sveitarfélagið er í samstarfi við skátana um árlega hreinsum innanbæjar. Ákveðið var að framlengja markmiðið á íbúafundi 2025. Bent var á það mætti auglýsa betur ef það yrði átak innan þéttbýlis árið 2026.
1.21. Sveitarstjórn þrýsti á að settar verði hraðahindranir við innkomu í Búðardal árin 2024-2025, til að draga úr umferðarhraða í bænum.					Aðkoman var löguð og settar upp hraðahindranir (sveigjur) við innkomuna árið 2025.
1.22. Sveitarfélagið vinni að deiliskipulagi fyrir þéttbýlið, þar sem unnið verður að framtíðarskipulagi útivistarsvæða, iðnaðarsvæðis og lóða fyrir íbúðarhúsnæði. Vinna við gerð deiliskipulagsins hefjist í ársbyrjun 2024.					Deiliskipulagsvinnunni lauk árið 2025.
1.23. Farið verði í undirbúning á því að					Áhugi er á því að „Dalurinn“, þar sem er íþróttavöllur í Búðardal, verði

breyta Dalnum í útivistar- og samkomusvæði						nýttur betur sem útivistarsvæði. Hér er lagt til að hugmyndavinna fari af stað. Á árinu var bætt við aðgerð um að auka samstarf sveitarfélagsins og félagasamtaka um nýtingu á dalnum. Sveitarfélagið hefur átt óformleg samtöl við félagasamtök vegna málsins. Þá hefur einnig verið rætt við LBHÍ vegna þessa og hugmyndar um aðkomu þeirra að útisvæði skólans.
1.24. Sveitarstjórn stuðli að því á verkefnistímanum, að eftirtalin svæði séu sauðfjárlaus: Vegkantar við Þjóðveg 60 og fyrir innan girðingu í Þéttbýlinu í Búðardal. (Nýtt markmið haust 2025).						Nýtt markmið 2025 sem snýr annars vegar að því að stuðla betur að því að þéttbýlið í Búðardal sé fjárhelt og hins vegar að sett séu upp ristarhlið á hliðarvegum við Þjóðveg 60 til að draga úr lausagöngu sauðfjár á Þjóðveginum.
<b>Meginmarkmið 2 – Skapandi og sjálfbært atvinnulíf</b>						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
2.1. Árið 2023 verði a.m.k. þrjú einstaklingar starfandi að staðaldri í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar.						<p>Á tímabili árið 2023 voru þrjú aðilar að vinna í Nýsköpunarsetrinu að staðaldri og var þá þessu markmiði náð. Það er þó alltaf misjafn hve margir vinna þar að staðaldri. Nýsköpunarsetrið er þó heilt yfir vel nýtt og ekki síst sem fræðslurými og hefur einnig nýst sem samkomustaður vegna kaffisþjalla og annarra opinna viðburða á vegum Dalabyggðar og SSV.</p> <p>Meðal þeirra sem nýtt hafa Nýsköpunarsetrið eru EFLA, KPMG, SSV og RML, ásamt einyrkjum. Þá er setrið nýtt sem prófamiðstöð. Nýsköpunarsetrið hýsir DalaAuð, þ.e. verkefnisstjóra, fræðslu og fundi tengdum verkefninu.</p> <p>Árið 2025 fékk SSV styrk úr C1, fyrir verkefnið "Auðarstofa" en verkefnið er unnið í samstarfi við Dalabyggð og snýr að því að efla nýsköpunarsetrið enn betur og taka í notkun aðliggjandi rými sem áður hýsti lögreglustöðina í Búðardal,</p>

					bæta aðstöðu vegna fjarvinnu og námskeiðshalds.
2.2. Sett verði á fót Ráðgjafaráð Nýsköpunarseturs sem yrði samansett af heimafólki og fjarbúum sem er tilbúið að miðla sinni þekkingu til áhugasamra.					Ráðgjafaráðið var stofnað haustið 2022.
2.3. Sveitarstjórn kanni möguleikann á tilfærslu opinberra starfa til Dalabyggðar árin 2022-2024.					Þetta samtal á sér reglulega stað við yfirvöld. Sífelluverkefni en enn hefur ekki orðið tilfærsla á störfum. Á íbúafundi 2024 var óskað eftir því að áhersla væri lögð á fleiri stöðugildi í löggæslu á svæðinu og hefur Dalabyggð kallað mjög eftir fleiri stöðugildum í löggæslu á svæðinu í kjölfarið.
2.4. Farið verði í markaðssetningu á Dalabyggð sem búsetukosti, atvinnusvæði og frístundasvæði til hagsbóta fyrir samfélagið og árlega verði vakin athygli á Dalabyggð sem búsetukosti, atvinnusvæði og frístundasvæði.					<p>Verkefnið Dalabyggð í sókn fékk kr. 11.000.000 styrk úr C1. Um er að ræða styrk fyrir markaðsherferð fyrir Dalabyggð til að laða að nýja íbúa, fjárfesta og ferðamenn. Verkfærakista fyrir markaðssetningu var kynnt í nóvember 2024. Í tengslum við það verkefni var unnið myndband fyrir Dalina sem var sett í dreifingu: <a href="https://dalir.is/frettir/yrkjum-lifsgaedin-i-dolunum/">https://dalir.is/frettir/yrkjum-lifsgaedin-i-dolunum/</a></p> <p>Í kjölfarið var farið í ýmsar aðgerðir sem féllu undir þetta verkefni. Gefið var út Dalablaðið í 8000 eintökum, sem var dreift út um allt Vesturland og víðar á landinu. Þar var sagt frá mannlífi og tækifærum í Dölunum. Blaðið var gefið út í samstarfi við Skessuhorn.</p> <p>Margmiðlunarfyrtækið Broadstone var fengið til að taka upp myndskleið og ljósmyndir á svæðinu snemma hausts 2025. Verður efnið nýtt í ýmskomar markaðsstarf. Í lok árs voru komin drög að þremur þriggja mínútna myndböndum sem unnin voru upp úr þessu efni og varpa ljósi á atvinnutækifæri, afþreyingarmöguleika og landgæði</p>

					<p>Dalanna. Þá tók Broadstone saman myndabanka sem sveitarfélagið getur nýtt sér, sem og félagasamtök, fyrirtæki eða aðrir sem vilja en finna þarf leið til að gera hann aðgengilegan. Unnið hefur verið að breytingum á vef Dalabyggðar, meðal annars til að vekja athygli á deiliskipulagi og lóðaframboði í Dalabyggð. Töluvert var reynt að miðla og birta og deila efni frá Dölunum. Verkefnisstjóri DalaAuðs sendi reglulega efni á fjölmiðla vegna ýmissa frumkvæðisverkefna eða annarra áhugaverða vendinga í Dölunum og rataði töluvert af því í fjölmiðla. Áður en þetta hófst allt, var unnin greiningarvinna, sem nýttist vel í þetta verkefni.</p> <p>Vinnu sem þessari er aldrei lokið og er unnið að því áfram að búa til markaðsefni og áfram verður Dölunum hampað og bent á tækifærin þar. Verkefninu Dalabyggð í sókn er þó formlega lokið og verður grunnur að áframhaldandi vinnu í þessum efnum.</p> <p>Þess má einnig geta að gróskan og mannlífið hefur virkað sem mjög góð auglýsing fyrir Dalina.</p> <p>Þá er vert að nefna að árið 2025 fékkst styrkur úr C.1. fyrir verkefni sem snýr að því að auka aðdráttarafli Dalanna fyrir ungt fólk.</p>
<p>2.5. Leitað verði samstarfs við stjórnvöld um þróunarverkefni í landbúnaði þar sem fundnar verða leiðir til aukinnar arðbæarni í atvinnugreininni, á árunum 2022-2025.</p>					<p>C.1. styrkur fékkst í verkefni sem miðaði sérstaklega að sauðfjárræktarsvæðum. Þar var unnin tækifærisgreining og verið er að fylgja henni eftir. Meðal annars eru landshlutasamtökin í samtali við stjórnvöld um að draga úr gullhúðun í matvælaframleiðslu.</p> <p>Verið að skoða hvernig hægt er að styðja við að framleiðsla í héraði sé</p>

					seld beint í héraði, t.d. í gegnum DalaAuð en einnig var það skoðað í vinnu starfshóps umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins og unnin skýrsla með þeim hópi. Eftirfylgni hefur þó vantað með þeirri skýrslu. Ljóst er að þetta er gríðarlega stórt verkefni og óljóst með hvaða hætti er best að nálgast það í gegnum DalaAuð.
2.6. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni í skógrækt, grænmetis- og/eða fódurrækt verði hrundið af stað fyrir lok árs 2025.					Þónokkur verkefni hafa farið af stað og mörg með stuðningi úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs. Markmiði náð en enn eru sóknarfæri hér.
2.7. Búið verði til vörumerki fyrir vörur framleiddar í Dalabyggð á verkefnistímanum.					Verkefni ekki hafið og óljóst hver á að fjármagna og leiða það. Haldið var kaffispjall um vörumerki í Nýsköpunarsetrinu í nóvember 2024 en fáir mættu. Það var lagt fyrir íbúafund 2025 hvort leggja ætti markmiðið niður en það var afstaða íbúa að halda markmiðinu inni og leggja þá sérstaka áherslu á fræðslu um vörumerki almennt og mikilvægi þeirra til markaðskynningar.
2.8. Námskeið verði haldin í vörubrún, markaðssetningu og að koma afurðum og vörum í sölu árin 2023-2024.					Það hefur verið haldin ýmis fræðsla í Nýsköpunarsetrinu, ásamt því að vakin hefur verið athygli á stað- og fjarnámskeiðum sem falla undir þetta. Þá hafa einstaklingar skipulagt ýmis konar fræðslu í Dalabyggð, sem dæmi: Haldið var kjötiðnaðarnámskeið í Miðskógi haustið 2023, haldið verðlagsnámskeið í Nýsköpunarsetrinu 2023, Matarfrumkvöðullinn var viðamikið vefnámskeið sem nokkrir úr Dalabyggð sóttu vorið 2023. Haustið 2023 var síðan haldið námskeið í verkefnisstjórnun í Nýsköpunarsetrinu. Stefnt er að áframhaldandi námskeiðahaldi í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar.
2.9. Verkefnisstjóri aðstoði þá sem hafa áhuga á að selja vörur framleiddar í héraðinu,					Verkefnisstjóri hefur aðstoðað áhugasama eftir þörfum og eftir því sem óskað hefur verið eftir. Þá hefur regluleg fræðsla um

við að koma þeim í sölu á verkefnistímanum.					markaðssetningu einnig reynt frumkvöðlum vel.
2.10. A.m.k. tvö þróunarverkefni í framleiðslu, markaðssetningu og/eða sölu afurða úr byggðarlaginu, fari af stað fyrir lok árs 2025.					Tvö lögbýli hófu þróun á afurðum úr ærkjöti beint frá býli og komu í sölu 2022-2023. Þrír aðilar hófu sölu á grænmeti eða afurðum úr grænmeti árin 2022-2023. Einn aðili fékk styrk úr Frumkvæðissjóði til að þróa afurðir úr nautakjöti árið 2023. Víða var auglýst lambakjöt, nautakjöt eða ærkjöt til sölu árið 2023. Mikil gróska er í framleiðslu og enn eru ýmis sóknarfæri.
2.11. Að hafið verði a.m.k. eitt frumkvæðisverkefni sem felur í sér nýsköpun í verslun í byggðarlaginu fyrir árið 2025.					KM þjónustan ruddi sér til rúms eftir íbúafund 2023 og opnaði dagvöruhörn í sinni verslun. Verkefnið beint frá skýli hlaut styrk úr Frumkvæðissjóði árið 2023. Í kjölfar þess var markmiðinu náð. KM þjónustan hefur hætt störfum í millitíðinni.
2.12. Sett verði fram heildstæð stefna í ferðaþjónustu sem snýr að hæglæti árið 2025.					Dalabyggð er þátttakandi í norrænu verkefni, sem styrkt er af NORA og snýr að því að undirbúa mótun á staðbundinni stefnu í ferðamálum. Þessi vinna er í gangi veturinn 2025-2026 og í kjölfar hennar er stefnt að því að klára stefnumótun fyrir svæðið.
2.13. Markaðssetningarátaki fyrir áfangastaðinn Dalabyggð verði hrundið af stað fyrir sumarið 2024.					Unnið var að myndefni um Dalina með fyrirtækinu Broadstone og var margmiðlunarsíða, ásamt myndböndum frumsýnd haustið 2024.  Umfjöllun var um Dalina í Around Iceland og Icelandic Times og gerðar útvarpsauglýsingar undir heitinu „Dalirnir heilla“.  Það er ljóst að markaðssetning er sífellustarf og verður því haldið áfram.
2.14. Greind verði sóknarfæri og nýtingarmöguleikar sem felast í menningarminjum og menningararfi Dalabyggðar árið 2024.					Markmið aflagt á íbúafundi 2023 og sett fram ný markmið varðandi menningarmál undir meginmarkmiði 3 (starfsmarkmið 3.11.-3.13. )

<p>2.15. Árin 2023-2024 verði unnið að því að móta hugmynd að afþreyingu eða upplifun tengdri Auði djúpúðgu.</p>					<p>Verkefni endurskoðað árið 2023 og áherslu breytt. Markmið var vikkað út þar sem áður var talað um gagnvirka upplifun en nú um almenna upplifun tengda Auði. Eitt verkefni fékk styrk úr Frumkvæðissjóði 2023 þar sem ætlunin er að gera vegarefil um Miðbraut í Búðardal, þar sem Auður Djúpúðga kemur fram. Bent var á tækifærin sem tengjast Hvammi við miðlun á sögu Auðar, á íbúafundi 2024.</p>
<p>2.16. Unnið verði að gerð hljóðleiðsagnar um Dalina á verkefnistímanum, sem tengir svæðið við landnámssöguna.</p>					<p>Verkefni háð því að áhugasamir aðilar leiði það. Ekki hafið og verkefni framlengd af íbúafundi 2025.</p>
<p>2.17. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni fari af stað í ferðaþjónustu á tímabilinu 2022-2025.</p>					<p>Markmiði náð 2024. Tvö ferðaþjónustuverkefni (jarðhýsi á Eiríksstöðum og gönguferðir hjá Eiríksstöðum) eru í undirbúningi, rennismæling í Fótadal vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Hörðudal er hafin. „Jólasveinaverkefnið“ er samspil ferðaþjónustu, menningar og markaðsstarfs, það verkefni er í hönnunarferli. Stikun og merking gönguleiða í Dalabyggð hafin á a.m.k. þremur leiðum.</p>
<p>2.18. Dalabyggð hagi verkkaupum þannig að heimaaðilar eigi möguleika á að bjóða í verk á starfstímabilinu og eftir það.</p>					<p>Þetta er stefna Dalabyggðar og hefur m.a. verið sett inn í loftslagsstefnu. Um er að ræða sífelluverkefni. Sífellt eru skoðaðar leiðir til að auka verkkaup í heimabyggð.</p>
<p>2.19. Áhugasöm fyrirtæki fái aðstoð við að innleiða grænan tékklista í sínum rekstri og möguleiki á umhverfisvottun fyrir minni fyrirtæki kannaður árin 2023-2024.</p>					<p>Haldin var fræðsla fyrir ferðaþjóna á samhringingi árið 2023. Verkefnisstjóri leitaði til Umhverfisstofnunar og fékk ýmsar upplýsingar um vottanir og tékklista. Ljóst er að rekstraraðilar verða hver fyrir sig að fara í gegnum vottunarferli og ekki margt í boði fyrir mjög lítinn rekstur nema viðmið. Það var þó bæði boðið upp á aðstoð og upplýsingar fyrir áhugasama.</p>

Meginmarkmið 3 – Auðugt mannlíf						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
3.1. Haldið verði áfram formlegum viðræðum við ríkið árið 2023 um að nýta Staðarfell til að stofna menningarsetur, þar sem færi fram fjölbreytt safna-, fræða-, félags- og/eða listastarf.						Staðarfell var selt árið 2023. Markmið aflagt á íbúafundi.
3.2. Haldin verði tómsundanámskeið eða fræðsluerindi fyrir íbúa, a.m.k. tvisvar á ári í Dalabyggð, árin 2023-2025.						Árin 2022 og 2023 var upphaflegu markmiði náð og fjölmörg námskeið eða fræðsluerindi haldin í Dalabyggð. Ákveðið var að halda áfram þessari fræðslu út 2025. Á árinu voru haldin nokkur fræðsluerindi sem voru hluti af fræðsludagskrá verkefnisstjóra DalaAuðs og Dalabyggðar, ásamt því að einstaklingar og félög héldu einnig fræðsluerindi og/eða námskeið. Sem dæmi var haldið námskeið í ræktun á lerkiblendingum, fræðsla um fornleifar í Dalabyggð og um lífið á landnámstímanum, hestamannafélagið stóð fyrir viðburðum líkt og hestafjöri og UDN fyrir bolta-yoga námskeiði, haldin voru námskeið í ferskostagerð og verkun á kjöti o.fl.
3.3. Átthagánámskeið, um sögu, náttúru og menningu í Dölum, verði haldið árið 2024.						Undirbúningur hófst árið 2023 og ráðgert var að halda námskeið 2024. Ákveðið var að breyta um stefnu hér og halda frekar nokkur opin erindi undir hatti átthagafræðslu. Var haldið sagnanámskeið, sagnavaka, erindi um list í Dölum og um landnámstímann.
3.4. Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf í Dalabyggð á starfstímanum. Meðal annars verði leitað verði leiða til að gera fristundastarf og menningarstarf						Markmið 3.4 og 4.10 voru sameinuð í eitt árið 2023 og aðgerðum bætt við markmið. Aðgerðum er lokið en enn má gera betur í markmiðinu. Boðið var upp á leikfimi fyrir eldri borgara í ræktinni og gönguhópurinn var virkur. Félag eldri borgara heldur úti mjög öflugri dagskrá. Tveir samráðsfundir voru haldnir með

aðgengilegra fyrir eldri borgara og ungmenni. (Áherslubreyting 2025).					eldri borgurum árið 2024 og er það einna helst húsnæði undir félagsstarf sem þeim finnst vanta. Verkefnið Hver vegur að heiman er vegurinn heim hófst árið 2025 en þar verður meðal annars unnið að því að greina þarfir ungs fólks í samfélaginu.
3.5. A.m.k. eitt frumkvæðisverkefni á sviði lista eða lýðheilsu, sem eflir félagsstarf á svæðinu, fari af stað í byggðarlaginu fyrir árslok 2025.					Eitt verkefni hófst snemma árs 2023 og annað var endurvakið. Leikfélagið ákvað að setja upp leiksyningu og stofnaður var blandaður kór fullorðinna sem æfir vikulega í Dalabyggð.
3.6. Byggðahátíðir verði nýttar árlega til að auka tækifæri í listsköpun til ársins 2025, t.d. í tónlist, myndlist eða handverki. Auglýst verði sérstaklega eftir þátttöku á því sviði.					Bæjarhátíð og menningarhátíðin Jörvagleði eru haldnar til skiptis annað hvert ár og hafa verið vettvangur fyrir menningu og listir og hefur Dalabyggð auglýst eftir þátttöku íbúa ásamt því að sveitarfélagið hefur úthlutað styrkjum úr menningarmálaverkefnasjóði, sem meðal annars hafa verið vegna viðburða á þessum hátíðum.
3.7. Skoðaður verði möguleikinn á að bjóða upp á nám fyrir fullorðna í tónlistarskólanum á starfsárinu 2024-2025.					Þetta hefur verið rætt innan sveitarstjórnar og fræðslunefndar á verkefnistímanum og hefur verið til skoðunar. Það eru tveir þættir sem gera þetta erfitt annars vegar kostnaður en ekki síður mannekla í tónlistarskólanum. Þó tímabil markmiðs hafi verið lokið 2025, þá bættu íbúar við aðgerð undir þessu markmiði um að kannaðir verði möguleikar á námskeiðahaldi í tónlist fyrir fullorðna árið 2026.
3.8. Íbúar bjóði nýbúa og "hálfbúa" velkomna í umræðuhópa á samfélagsmiðlum, til að allir geti tekið þátt í umræðum og viðburðastarfi innan Dalabyggðar.					Þetta er illmælanlegt markmið og erfitt að sjá hvort unnið sé að því. Það virkar frekar sem áminning til íbúa og hálfbúa að auka samtalið sín á milli og vera partur af samfélaginu. Nýir íbúar fá aðgang að FB síðu íbúa og til eru fleiri hópar sem opnir eru öllum áhugasömum og snúast t.d. um málefni eða viðburði í Dalabyggð. Það er því óhætt að segja að það sé hafið en erfitt er að meta að hve miklu leyti því er framfylgt.
3.9. Útbúinn verði póstlisti haustið 2022,					Þetta tók breytingum. Það var engin eftirspurn eftir sér póstlistum fyrir

fyrir "hálfbúa" og aðra áhugasama sem vilja fá upplýsingar um það sem er að gerast í Dalabyggð.					hálfbúa til upplýsingagjafar. Á heimasíðu Dalabyggðar eru allir viðburðir auglýstir t.d. og frekar varð þróunin sú að þeir sem vildu fá upplýsingar um ákveðin málefni eða fræðslu, höfðu samband við verkefnisstjóra og báðu um það sérstaklega. Það var því fundin ný lausn og verkefnið leyst þannig. Markmið var síðan aflagt 2023.
3.10. Skemmtilegi klúbburinn haldi sinn fyrsta fund haustið 2022 en í gegnum hann standi íbúum og velunnurum Dalabyggðar til boða að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi, sem verður opið öllum.					Fyrsti fundur skemmtilega klúbbsins var haldinn haustið 2022 en félagslífið í Dalabyggð hefur þróast á eigin forsendum síðan þá.
3.11. Hugað verði að forvörslu safnmuna Dalabyggðar og byggt viðunandi geymslurými árið 2025 fyrir muni byggðasafns og listasafns á starfstímabilinu.					Sveitarstjórn hefur þetta til skoðunar og er verið að kanna hvort mögulegt samstarf um uppbyggingu iðngarða gæti stutt við þetta markmið. Samtal er á milli Dalabyggðar og Byggðastofnunar um uppbyggingu iðngarða í Búðardal.
3.12. Á starfstímanum verði húsakostir Dalabyggðar nýttir til að sýna safnmuni sveitarfélagsins. Áhersla verði á lifandi og hreyfanlegt sýningarhald safnmuna.					Þetta er skemmtileg lausn á húsnæðisvanda t.d. byggða- og listasafns Dalabyggðar. Í lok árs 2023 var settur upp sýningarveggur í Stjórnsýsluhúsinu í Dalabyggð og hafa í kjölfarið verið settar þar upp örsýningar sem hafa vakið lukku meðal íbúa. Þá hafa byggðasafnið og bókasafnið einnig sett upp örsýningar á bókasafninu um nokkurt skeið.
3.13. Skoðað verði hvort hægt sé að nýta hluta af kirkjubyggingum í Dalabyggð undir menningarviðburði eða menningarstarf árið 2024.					Samtal var tekið um þetta í desember 2024 á opnum fundi. Mættu þar fulltrúar sóknarnefndar, sóknarprestur og fleiri áhugasamir og ræddu kirkjur og möguleika þeirra. Þar kom fram áhugi einstakra sóknarnefnda um að halda viðburði í kirkjum. Í kjölfarið var ein nefnd sem sótti um styrk fyrir viðburðarhaldi í DalaAuð og fengu. Einnig hefur verið unnið að uppbyggingu Dagverðarneskirkju, meðal annars með það að markmiði að auka tækifæri þar til viðburðastarfs. Það

						að nýta einstaka kirkjur vegna menningarviðburða er nú í höndum sóknarnefnda og íbúa og ekki ólíklegt að taki einn af skarið þá fylgi fleiri aðilar í kjölfarið.
3.14. Hljómsveitum og öðrum í tónlistarsköpun standi til boða að nýta Dalabúð til tónlistarsköpunar.						Hljómsveitum stendur þetta til boða.
3.15. Leitað verði leiða til að efla Dalabúð sem menningarhús þegar nýtt íþróttahús hefur verið tekið í notkun (nýtt markmið 2025)						Markmið sett á íbúafundi veturinn 2025.

#### Meginmarkmið 4 – Öflug grunnþjónusta


Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
<p>4.1. Skipulagt verði samráð með ákveðnum hópum samfélagsins árið 2023.</p> <p><b>Aðgerð A:</b> Skapaður verði virkur samráðsvettvangur vegna skólamála, til að mynda með eflingu foreldraráðs, til að efla samtal á milli sveitarfélags, skólastjórnenda og foreldra.</p> <p><b>Aðgerð B:</b> Komið verði á mánaðarlegum fréttum á heimasíðu Auðarskóla, fyrir alla áhugasama sem vilja fylgjast með skólastarfinu.</p> <p><b>Aðgerð C:</b> Reglulegir fundir verði einnig með nemendaráði grunnskólans varðandi</p>						<p>Árið 2023 var hafið samstarf við Ásgarð um faglega stefnu og starf Auðarskóla en það var ein áherslan sem íbúar kölluðu eftir á íbúafundi 2022 og var þess vegna ákveðið að auka þyrfti samtal og samstarf milli skóla o.fl. aðila til að ná fram úrbótum sem kallað var eftir. Þá var unnið að nýrri skólastefnu þar sem meðal annars er kveðið á um verklag og ferla varðandi samráð við bæði nemendur og foreldra. Stefnan kynnt á opnum fundi fyrir foreldrum og óskað eftir athugasemdum. Skilaboð íbúapings og verkefnisáætlun hafa verið nýttar við gerð stefnunnar.</p> <p>Reglulegar fréttir voru settar inn á vef Auðarskóla og deilt á samfélagsmiðlum varðandi skólastarfið, árið 2023.</p> <p>Samtal hefur átt stað við forsvarsmenn bæði Silfurtúns og Auðarskóla um heimsóknir og hefur þeim að einhverju leyti verið komið á.</p> <p>Komið var á samráðsfundum með eldri borgurum á árinu.</p>

<p>ákvarðanir um skólamál.</p> <p>Sérstaklega verði rætt við þau um aðbúnað og val í námi.</p> <p><b>Aðgerð D:</b> Reglulegir samráðsfundir verði með eldri borgurum varðandi þjónustu við þann hóp.</p> <p><b>Aðgerð E:</b> Stjórnendur Silfurtúns og Auðarskóla kanni möguleikann á því að vera með heimsóknir á milli stofnana sem heimilisfólk og nemendur beggja stofnananna geta tekið þátt í.</p>					
<p><b>4.2. Útiaðstaða í Auðarskóla verði metin og úrbótaáætlun gerð, samhliða fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir 2025.</b></p>					<p>Undirbúningur fyrir þetta er hafinn en framkvæmdir á skólalóðinni vegna nýrra íþróttamannvirkja setja strik í reikninginn. Skoða þarf svæðið í kringum allar byggingar heildrænt þegar íþróttamannvirki eru risin. Þetta málefni var rætt á íbúafundi 2024 og var bent á mikilvægi þess að hafa notendur útiaðstöðunnar með í hugmyndavinnunni.</p>
<p><b>4.3. Vatnsbrunnur í Auðarskóla verði kominn í gagnið haustið 2022.</b></p>					<p>Lokið haust 2022.</p>
<p><b>4.4. Sveitarfélagið kanni hvort hægt sé að koma á frístundarbíl, í tilraunaskyni, milli Búðardals og Lauga árin 2022-2024.</b></p>					<p>Frístundarbill hóf ferðir haustið 2022 og hefur haft jákvæð áhrif á þátttöku barna í íþróttum.</p>
<p><b>4.5. Fjölbreytt framhaldsskólanám víða um landið, verði kynnt</b></p>					<p>Hafið. Ýmsar kynningar hafa verið í boði og upplýsingar varðandi fjarnám og staðnám á framhaldsskólastigi. Áhugi er á</p>


árlega fyrir nemendum á elsta stigi.					frekari náms- og starfskynningum fyrir nemendur og ungmenni einnig.
4.6. Aðgengi að heilbrigðisstoðþjónustu á borð við sjúkráþjálfun verði aukið fyrir árið 2025.					Ungmennafélagið Ólafur Pá fékk styrk til að standsetja sjúkráþjálfaraaðstöðu í húsnæði sínu í Búðardal og kláraði að setja aðstöðuna upp. Hún er því tilbúin. Þá hefur einnig verið unnið að endurbótum á aðgengi að húsnæðinu sjálfu, búningaklefum o.fl. Unnið var að því fá sjúkráþjálfara til að starfa í rýminu og veita þjónustuna í Búðardal. Árið 2025 flutti ungt fólk, sem klárað hefur nám í sjúkráþjálfun í Búðardal og hafa þau áhuga á því að bjóða upp á þjónustuna. Regluverkið virðist þó íþyngjandi þeim sem hyggja á sjálfstæðan rekstur og óhentugt aðstæðum á landsbyggðinni. Það hefur samt verið gert ráð fyrir að aðstaða sjúkráþjálfara geti nú færst úr ræktinni yfir í íþróttahús sem rísa mun snemma árs 2026 í Búðardal.
4.7. Verkefnisstjóri og Rauði krossinn kanni möguleika á að hefja sjálfbóðaliðaverkefni undir formerkjum hreyfingarinnar árið 2023, sem nýst geti t.d. eldri borgurum í Dalabyggð til félagslegrar virkni eða samveru.					Þrjár sjálfbóðaliðar hófu störf í febrúar 2023. Opnuð var RK búð sama ár.
4.8. Innleidd verði móttökuáætlun vegna móttöku nýbúa árið 2023 og útbúinn upplýsingapakki sem fólk fengi þegar það flytur til Dalabyggðar.					Grunnur að móttökuáætlun er tilbúinn fyrir sveitarfélög á landsvísu. Unnið er að aðgengilegum upplýsingum á vef Dalabyggðar fyrir nýja eða áhugasama íbúa.
4.9. Átak í fræðslu um skipulagsmál á mannamáli á árinu 2024.					Byggingarfulltrúi fór yfir alla þá þætti sem hafa ber í huga þegar íbúðarhús eru byggð í fræðslu á mannamáli sem var á dagskrá Nýsköpunarsetursins 2022. Kaffispjall var haldið með umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins veturinn 2023-2024 til að auka upplýsingagjöf til almennings um

						skipulagsmál. Haldið verður áfram með opna fundi og spjall með nefndum sveitarfélagsins veturinn 2024-2025.
4.10: Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð árin 2023-2024.						Fellt inn í markmið 3.4. á íbúafundi 2023.
4.11. Árin 2024-2025 verði unnið að því að kortleggja þörf á hjólastólaaðgengi við opinberar byggingar og settir upp rampar í samræmi við þá þörf.						Settir voru upp þrjár rampar á vegum Römpum upp Ísland, árið 2024. Tveir við leikskólann og einn við Vínlandssetur. Kallað var eftir fleiri tillögum á íbúafundi 2025.


Framgangur starfsmarkmiða hefur verið mjög góður og fjölmörg verkefni komin vel á veg, einhverjum er lokið og aðeins örfá sem ekki eru hafin. Hér fyrir neðan er hægt að sjá samantekt á framgangi verkefnanna (starfsmarkmiða), frá árinu 2022 til loka árs 2025 og gefur það sýn á framvindu þeirra. Líkt og í töflunni hér að ofan er staða verkefna metin í prósentum, þar sem 0% er ekki hafið en 100% þýðir að verkefni er lokið. Vægið 25%, 50% og 75% sýnir þá u.þ.b. hvar verkefni sem er hafið er stöð. Almennt hefur framvindan verið góð og eiga íbúar og sveitarfélagið hrós skilið fyrir góðan gang í verkefninu. Fimm markmið hafa verið aflögð á verkefnistímabilinu, í kjölfar íbúafunda og eru ekki talin með hér að neðan.



*Staða starfsmarkmiða í febrúar 2023, ári eftir að verkefnið hófst.*




*Staða starfsmarkmiða í lok árs 2023.*



*Staða starfsmarkmiða í lok árs 2024*

## Staða starfsmarkmiða í lok árs 2025



Ný brú og vegur yfir Þorskaftjörð

### Viðauki III. Fjársjóður fjalla og fjarða, staða starfsmarkmiða


Meginmarkmið 1 – Jákvætt og umburðarlynt samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.1. Undirbúningur fyrir mótun á gildum fyrir samfélagið. Lok undirbúnings áramót 2025/2026						Á áætlun 2026.
1.2. Að gildi samfélagsins í Reykhólahreppi verði lögð fyrir til afgreiðslu á íbúafundi haustið 2026.						Á áætlun 2026.
1.3. „Hrósvikur“ í Reykhólahreppi skipulagðar, tímasettar og framkvæmdar reglubundið á verkefnistímanum. Í fyrsta sinn 2026.						Á áætlun 2026.
1.4. Tveir vinnustaðir bjóði upp á opið hús/kynningu á starfsemi sinni á hverju ári á verkefnistímanum. Í fyrsta sinn 2025.						Í vinnslu. Það liggur fyrir að Norðursalt og Skrifstofa Reykhólahrepps verða með opið hús á næstunni.
1.5. Endurvekja Barmahlíðardaginn, hátíð á sumardaginn fyrsta 23. apríl 2026.						Á áætlun 2026.
1.6. Haldinn samráðsfundur fyrir árslok 2025 með öllum félagasamtökum á svæðinu og farið yfir stöðuna á viðburðahaldi með það að markmiði að fjölga viðburðum.						Fundur verið boðaður
1.7. Greina hentugar húsnaðislausnir, félagsheimili eða samfélagsmiðstöð ásamt útisvæði, fyrir viðburði og fjölbreytt félagsstarf fyrir alla aldurshópa fyrir árslok 2027.						Á áætlun 2027.

1.8. Finna farveg fyrir formlegt menningarstarf fyrir lok árs 2025.					Liggur fyrir að halda fund með félagasamtökum til að fara yfir menningarstarf.
1.9. Menningarfélag/skemmtifélag tekur til starfa og leggur drög að dagskrá um viðburði/námskeið/samverustundir og þ.h. fyrir lok maí 2026.					Á áætlun 2026.
1.10. Móttökuáætlun fyrir nýja íbúa mótuð og sett fram á viðeigandi tungumálum, útgefin fyrir lok árs 2026.					Á áætlun 2026.
1.11. Finna hentugar leiðir til upplýsingagjafar og miðlunar t.d. um viðburði og þ.h. fyrir íbúa og gesti og koma þeim á framfæri fyrir sumar 2026.					Stendur til að ræða það á fundi með félagasamtökum í byrjun febrúar 2026.
1.12. Greina hentugar lausnir, fyrir íþróttaaðstöðu bæði innan- og utan húss fyrir allan aldur fyrir árslok 2027.					Á áætlun 2026.
1.13. Móta framtíðarsýn um endurbætur á sundlaugarsvæði á Reykhólum, fyrir lok árs 2028.					Mál sem er búið að vinna aðeins að.
1.14. Leita leiða til að bæta hljóðvist í anddyri íþróttahúss fyrir lok árs 2029.					Á áætlun 2029.
1.15. Gera Reykhóla/Reykhólahrepp að „göngu-/hjólreiðamiðuðu samfélagi“, búa til gönguleiðakort fyrir árslok 2027.					Á áætlun 2027.
1.16. Stuðla að aukinni hreyfingu með bættri aðstöðu, svo sem með „hreyfingargarði“ fyrir hjólabretti, útilíkamsræktartæki, parkour/götufimleika eða klifurvegg fyrir árslok 2028.					Á áætlun 2028.
1.17. Bæta aðstæður til hreyfingar og líkamsræktar utandyra., a.m.k. ein aðgerð á ári til ársins 2029.					Á áætlun 2029.
1.18. Kannaður verður grundvöllur þess að sveitarfélagið taki þátt í verkefninu Heilsueflandi samfélag hjá embætti landlæknis fyrir vorið 2026.					Búið er að hafa samband við grunnskóla og sveitarfélag.
1.19. Fegrun umhverfis – umhverfis dagar – samkeppni um					Dagurinn var haldinn í fyrsta skiptið 2025.

snyrtilagt umhverfi, í fyrsta sinn 2025 og einu sinni á ári eftir það.						
1.20. Óska eftir því að sveitarfélagið geri Vaðalfjöll að formlugu bæjar/staðarfjalli						Á áætlun 2026. Erindi þarf að senda á sveitarstjórn og eiga samtál við sveitarstjóra.
<b>Meginmarkmið 2 – Samstaða um auðlindanýtingu</b>						
<b>Starfsmarkmið</b>	<b>0%</b>	<b>25%</b>	<b>50%</b>	<b>75%</b>	<b>100%</b>	<b>Skýringar</b>
2.1. Mótuð hafi verið og samþykkt áætlun um varðaða leið til samkomulags hagaðila um mat á afkastagetu, kortlagningu og nýtingu jarðhita á Reykhólum fyrir lok nóvember 2025.						Fundur liggur fyrir hjá verkefnistjóra við sveitarstjóra og yfirmanni framkvæmda á Reykhólum.
2.2. Fyrir liggja samkomulag á milli hagaðila um nýtingu jarðhita á Reykhólum fyrir lok febrúar 2027.						Samtalið er hafið, fundur liggur fyrir með sveitarstjóra og umsjónamanni framkvæmda í febrúar 2026.
2.3. Reykhólahreppur hafi mótað skýra stefnu og umgjörð/regluverk um möguleika á nýtingu jarðhita á Reykhólum til minniháttar iðnaðarnota (þ.m.t. ylræktar) fyrir lok árs 2027.						Á áætlun 2027.
2.4. Komin verði fjármögnuð áætlun um leit að nýtanlegum jarðhita í Króksfjarðarnesi fyrir lok árs 2026.						C1 umsókn liggur fyrir.
2.5. Komin verði fjármögnuð áætlun um leit að nýtanlegum jarðhita í Flatey fyrir lok árs 2026.						Á áætlun 2026 – vinna að málinu er að einhverju leiti hafin.
2.6. Gerð verði gróf forathugun á möguleikum á nýtingu á heitu vatni og dreifingu þess til íbúðarhúsa og mögulegs atvinnu- og iðnaðarhúsnæðis á Króksfjarðarnesi fyrir mitt ár 2027 (ef ske kynni að vatn finnist í nýtanlegu magni).						Á áætlun 2027.
2.7. Gerð verði gróf forathugun á möguleikum á nýtingu á heitu vatni og dreifingu þess til íbúðarhúsa og annars húsnæðis í Flatey fyrir mitt ár 2027 (ef ske kynni að vatn finnist í nýtanlegu magni).						Á áætlun 2027.
2.8. Skipuleggja öruggar gönguleiðir um hverina á svæðinu/Reykhólum fyrir vor 2026.						Á áætlun 2026.

2.9. Kanna möguleika og gera viðskiptaáætlun fyrir uppbyggingu „samfélagsgróðurhúss“ á hentugu svæði á Reykhólum fyrir árslok 2027.						Á áætlun 2027.
2.10. Bjóða upp á fræðslu fyrir nemendur í leik- og grunnskólanum, sem henta þeirra aldurskeiði, um ylrækt, helst á vettvangi, frá og með skólaárinu 2025-2026.						Verkefnisstjóri hefur komið málinu til skólans, og er að fylgja málinu eftir.
2.11. Kanna grundvöll fyrir nýtingu affalls af heita vatninu til ræktunar í gróðurhúsum, fyrir lok árs 2027.						Á áætlun 2027.
2.12. Koma upp hringrásarkerfi til að tryggja sjálfbærari nýtingu vatns, fyrir árslok 2029.						Á áætlun 2028/2029.
<b>Meginmarkmið 3 – Frjótt atvinnu og mannlíf</b>						
<b>Starfsmarkmið</b>	<b>0%</b>	<b>25%</b>	<b>50%</b>	<b>75%</b>	<b>100%</b>	<b>Skýringar</b>
3.1. Tvö ný nýsköpunarverkefni byggð á náttúruauðlindum hafi farið af stað í sveitarfélaginu fyrir lok árs 2028.						Á áætlun 2027.
3.2. Koma á samráðsvettvangi og samtali ferðapjóna um „gæðaferðamennsku“ sem verði kjarninn í framboði á ferðapjónustu sem byggir á sérkennum svæðisins og býður gestum upp á vandaða og eftirminnilega upplifun, fyrir árslok 2026.						Á áætlun 2026.
3.3. Leita leiða til að bæta móttöku stærri hópa ferðamanna þar með talið fjölgun gistirýma, fyrir árslok 2028.						Á áætlun 2026.
3.4. Skipulag og þróun siglingaleiða og leiðsagnar fyrir ferðamenn og íbúa um eyjar og sker, lok árs 2029.						Á áætlun 2028.
3.5. Bjóða íbúum upp á a.m.k. tvo fræðslufyrirlestra og námskeið s.s. í garðrækt, sagnfræði og/eða náttúrufræði fyrir árslok 2027.						Á áætlun 2026.
3.6. Tvö ný sérfræðistörf verði til í samfélaginu fyrir maí 2029, til dæmis fyrir sagnfræðing/ náttúrufræðing/ garðyrkjufraeðing.						Þjóðfræðingur fékk styrk úr Frumkvæðissjóði FFF fyrir verkefni um Gullþóri.
3.7. Halda fræðslufund fyrir íbúa um varðveislu viðkvæmra og verðmætra vistkerfa s.s. þara og þang, hverri, haförninn, eyjar og sker fyrir lok árs 2026.						Á áætlun 2026.

3.8. Vinna áætlun um viðhald og uppbyggingu fuglaskoðunar á svæðinu fyrir árslok 2029.					Á áætlun 2028/2029.
3.9. Varðveita sögu og menningu Reykhólahrepps með því að koma upplýsingum í rit og/eða á stafrænt form til miðlunar, fyrir lok árs 2029.					Á áætlun 2028.
3.10. Setja fram áætlun um hvernig hægt er að laða að nýja íbúa til búsetu í samfélaginu með markvissum hætti, fyrir maí 2027.					Á áætlun 2026.
3.11. A.m.k. tvær nýjar afurðir verði komnar framleiðslu og í sölu í maí 2027.					Á áætlun 2027.
3.12. Komið verði upp aðstöðu fyrir heilsuástand fyrir lok árs 2029.					Verkefni sem er á vinnslustigi.
3.13. Kanna möguleika á að gera merkingu á mörkum Dalabyggðar og Reykhólahrepps til að undirstrika staðsetningu byggðarlagsins – hliðið að Vestfjörðum, fyrir lok árs 2026.					Á áætlun 2026.
3.14. Fylgja eftir hugmyndum um uppsetningu á smábátahöfn í Flatey, fyrir lok árs 2027.					Á áætlun 2026.
3.15. Kanna möguleika og fylgja málum eftir varðandi farþegasiglingar á milli Flateyjar og Reykhóla. Fyrir lok árs 2026.					Á áætlun 2026.
3.16. Viðhalda eldri áningarstöðum og skilgreina og koma upp einum til tveimur nýjum útsýnis-/áningarstöðum á ári hverju á verkefnis tímanum.					Á áætlun yfir verkefnistímann.



*Haustlitir í Kaldrananeshreppi*



BYGGÐASTOFNUN

ISBN 978-9935-518-22-4